allt
FORMA
*Átak gegn átröskun*
heilsa tíska
Í MIÐJU BLAÐSINS



BJÖRN HLYNUR HARALDSSON
*Hefur verið prófaður fyrir nýjustu Bond-myndina*
Er ein af vonarstjörnum Evrópu á hvíta tjaldinu
FÓLK 34



Vordagskrá
Mímis-símenntunar fylgir blaðinu í dag



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
10. janúar 2006 — 9. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Framkvæmdastjóri rekinn án fyrirvara

**Framkvæmdastjóra Öryrkjabandalags Íslands var óvænt sagt upp störfum í gær. Hann var látinn hætta strax. Formaður bandalagsins segir uppsögnina lið í nauðsynlegum skipulagsbreytingum. Annar verður ráðinn í starfið síðar.**

**FÉLAGSMÁL** Arnþóri Helgasyni, framkvæmdastjóra Öryrkjabandalags Íslands, var óvænt sagt upp störfum í gær, eftir um fimm ára starf. Hann lét þegar af störfum.

Arnþór vildi ekki láta hafa neitt eftir sér um uppsögnina að sinni, en hann bíður frekari skýringa frá Öryrkjabandalaginu. Honum var sagt upp vegna skipulagsbreytinga.

Samkvæmt heimildum blaðsins vissi einhver hluti starfsfólks skrifstofu Öryrkjabandalagsins af því rétt fyrir helgina í hvað stefndi með starfslok Arnþórs, en sjálfur mætti hann grunlaus til vinnu í gærmorgun. Ekki er vitað til þess að starfandi framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins hafi áður verið látinn taka pokann sinn með þessum hætti.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, sendi aðildarfélögum Öryrkjabandalagsins tilkynningu um starfslok framkvæmdastjórans um miðjan dag í gær. Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Blindrafélagsins, sagði málið hafa borið mjög brátt að og útlokaði ekki að Blindrafélagið myndi beita sér sérstaklega í því. „En ég ætla að kynna mér málavexti fyrst,“ segir hann.

Sigursteinn Másson segir alsiða að framkvæmdstjórar í stórum samtökum og fyrirtækjum láti strax af störfum. Þá áréttar hann að starfslokin hafi ekkert með fötlun Arnþórs, sem er blindur, að gera. „Þetta er bara hluti af því sem þarf að gera. Því miður. Þarna eru ákveðnar skipulagsbreytingar sem við þurfum að ganga í og ég sem nýr framkvæmdastjóri og framkvæmdastjórnin stillum upp því liði sem við teljum best til að vinna að þeim.“ Sigursteinn segir að tilkynnt verði síðar hver taki við af Arnþóri sem framkvæmdastjóri. „Það er ekki búið að ganga frá ráðningu.“

Öryrkjabandalag Íslands var stofnað árið 1961, þá af sex stofnfélögum, en aðildarfélög bandalagsins eru nú 29 talsins og sitja fulltrúar allra þeirra í stjórn bandalagsins. **olikr@frettabladid.is**



**MÓTMÆLI Í IÐNAÐARRÁÐUNEYTINU** Tuttugu manna hópur róttækra unglinga á aldrinum 14 til 16 ára sem kallar sig Ungrót mótmælti í gær stefnu íslenskra stjórnvalda í virkjanamálum. Tíu lögreglumenn mættu á svæðið og gættu þess að mótmælin færu vel fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fuglaflensutilfelli í Tyrklandi valda hræðslu:

# Hætta á faraldri sögð vaxandi

**FUGLAFLENSA** Mikill ótti hefur gripið um sig í tyrkneska þorpinu Dogubeyazit vegna dauða þriggja barna, sem talið er að öll hafi verið smituð af fuglaflensu.

Alls eru nú 15 greindir eða meintir fuglaflensusjúklingar á sjúkrahúsum í Tyrklandi. Samtals hafa yfir sjötíu manns látist úr fuglaflensu í heiminum frá árinu 2003. Talsmaður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, sagði að hvert nýtt tilfelli fuglaflensusmits í mönnum yki hættuna á því að veiran stökkbreyttist þannig að hún smitaðist beint milli manna en þá gæti brotist út heimsfaraldur. Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir það koma á óvart að Tyrkir hafi ekki getað ráðið niðurlögum fuglaflensunnar með því að farga fuglum þegar flensan gerði fyrst vart við sig í landinu. Að sögn Haralds eru fuglaflensutilfellin afmörkuð við vanþróuð svæði austast í landinu við landamæri Írans. „Það má vera að yfirvöld þar hafi ekki náð að uppfræða fólkið eða komist fyrir vandann þar,“ segir Haraldur.

Hakan Gultekin, eigandi Kebabhússins, er frá Tyrklandi. Hann segir minna gert úr málinu í tyrkneskum fjölmiðlum en erlendum. „Ég var að tala við ættingja mína í Istanbul í gær og þeir voru alveg rólegir yfir þessu.“

Ferðaskrifstofan Úrval Útsýn býður viðskiptavinum sínum upp á ferðir til Tyrklands. Aðalheiður Emilsdóttir, starfsmaður ferðaskrifstofunnar, segir að að lítið hafi verið um afbókanir vegna fuglaflensunnar. „Fólk er meira að hringja og forvitnast um málið. Við bendum þeim á að kíkja á síðu Landlæknisembættisins, en þar er hægt að finna upplýsingar um fuglaflensu.“ **- sk/- aa**



**HAMID KARZAI** Forseti Afganistans hvatti um helgina talibanaleiðtogann múlla Ómar til að gefa sig fram.

Átökin í Afganistan:

## Múlla Omar boðar árásir

**AFGANISTAN, AP** Múlla Omar, leiðtogi talíbana í Afganistan, kvað í gær hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann varar við auknum árásum sinna manna á hið erlenda setulið og þá sem starfa fyrir núverandi ríkisstjórn. Daginn áður hafði Hamid Karzai, forseti landsins, skorað á Omar, sem hefur farið huldu höfði síðan talíbanar misstu völdin við innrás bandamanna síðla árs 2001, að „láta heyra í sér“ ef hann vildi semja um frið.

Yfirvöld í Pakistan greindu annars frá því í gær að þau hefðu komið á framfæri mótmælum við Bandaríkjaher vegna skotárásar sem gerð var um helgina á þorp pakistansmegin við landamærin og kostaði átta íbúa þar lífið. Ekki var þó fullljóst hver átti upptökin að skothríðinni. **- aa**

Óvenjulegur eldsvoði:

## Músin náði fram hefndum

**BANDARÍKIN** Lítil húsamús olli því að hús brann til kaldra kola í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum. Músin hafði gert sig heimakomna í húsinu í óþökk eigandans. Þegar hann loks náði í skottið á henni hugðist hann losa sig við hana í eitt skipti fyrir öll.

Greip hann til þess fólskubragðs að varpa músinni á bál sem hann hafði kveikt til að brenna lauf. Músinni hitnaði heldur betur í hamsi við að lenda á bálinu og hljóp alelda beint inn í húsið aftur þar sem eldurinn læsti sig í viðarklæðningu og skipti engum togum að húsið brann til grunna á skammri stundu. ■

Salahverfi í Kópavogi:

## Íbúð gjörónýt eftir bruna

**ELDSVOÐI** Eldur kom upp í íbúð á annarri hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi við Lómasali í Kópavogi í gærkvöld. Sverrir Björnsson, stöðvarstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, segir að íbúðin hafi verið mannlaus og engum því orðið meint af.

Tilkynnt var um töluverðan eld í húsinu um klukkan 20.30 í gærkvöldi. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins. Sverrir segir að nánast allt hafi brunnið inni í íbúðinni og því sé um töluvert tjón að ræða. Ekki er vitað hver eldsupptökin voru. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar rannsakar málið. **- gag**

### Ávarpar framtíðarleiðtoga Bandaríkjanna



Rithöfundurinn Andri Snær Magnason hefur verið valinn til að ávarpa nemendur í hinum virta Columbia-háskóla.

MENNING 26

### Nýr forseti Hróksins



Kristjón Kormákur Guðjónsson fékk góða æfingu hjá Kára Stefáns í Erfðagreiningu.

TÍMAMÓT 22

### Kannski fáum við betri hugmyndir

Sem betur fer eru heimamenn á svæðinu, íbúar í Gnúpverjahreppi, framsýnt fólk sem ann sínum heimahögum og lætur sig málið varða, ritar Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

### Garcia getur leikið með



Læknir handboltalandsliðsins segir að Jaliesky Garcia geti farið að æfa með landsliðinu. Hann fer því með landsliðinu á EM í Sviss sem hefst í lok mánaðarins.

### VEÐRIÐ Í DAG




**STÖKU ÉL** þó síst fyrir austan- og norðaustan. Vægt frost á norðanverðu landinu en við frostmark syðra.

VEÐUR 4

MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA
Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



## SPURNING DAGSINS

*Bjarni, er ekki allt stuð búið þegar Straumur er farinn?*

Nei, það koma alltaf nýir stuðmenn.

Straumur seldi FL Group fjórðungshlut sinn í Íslandsbanka. Bjarni Ármannsson er forstjóri bankans.

Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um ákærurnar átta:

# Baugsákærur fara fyrir dóm

**BAUGSMÁL** Átta af fjörutíu ákæruliðum í Baugsmálinu svonefnda verða teknir fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær.

Verjendur í málinu höfðu krafist þess að átta ákæruliðir, sem eftir stóðu í málinu, yrði vísað frá dómi. Í fyrsta lagi töldu verjendur að Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, hefði ekki verið formlega rétt skipaður og því hefði mátt líta svo á að saksóknari hafi verið fjarverandi þegar málið var tekið fyrir í héraðsdómi seint á síðasta ári. Í öðru lagi töldu verjendur að óheimilt hefði verið að flytja rekstur málsins frá ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara í miðjum klíðum og að lokinni rannsókn málsins. Í þriðja lagi töldu verjendur sakborninga að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði ekki verið hæfur til að skipa saksóknara í málinu sökum ummæla hans í garð Baugs.



**RÆÐAST VIÐ** Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, og Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, ræðast

Dómendur litu svo á að búið væri að fullnægja formsatriðum varðandi setningu saksóknara. Þá taldi Hæstiréttur að ekki hefði verið nægilega sýnt fram á að dómsmálaráðherra hefði með ummælum sínum orðið vanhæfur í málinu. Loks taldi Hæstiréttur að heimilt hefði verið að flytja forræði málsins frá ríkislögreglustjóra, meðal annars með vísan til þess að lögreglustjórar færu með sjálfstætt ákæruvald undir yfirstjórn ríkissaksóknara. **- jh**

Ráðherra um Baugsmálið:

# Mátti hafa skoðun

**BAUGSMÁLIÐ** Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra ritaði á heimasíðu sína í gær að með dómi Hæstaréttar hafi Baugsmálið komist á brautina til efnislegrar meðferðar hjá dómstólunum.

„Nú hefur Hæstiréttur staðfest, að það voru lögmæt rök fyrir þeirri niðurstöðu minni að víkja ekki sæti í Baugsmálinu. Einnig hefur verið staðfest, að stjórnmálamenn hafi heimild til að ræða málefni á opinberum vettvangi og segja skoðanir sínar á mönnum og málefnum, án þess að verða vanhæfir til embættisathafna, enda fari þeir ekki með stjórnsýsluvald á þeim sviðum, sem ummæli þeirra varða.“ **- gag**

Fíkniefnasala á Vestfjörðum:

# Viðskiptavinir í yfirheyrslu

**LÖGREGLA** Lögreglan á Ísafirði kallar þessa dagana fólk í yfirheyrslu vegna fíkniefnamáls sem upp kom í Súðavík í lok síðustu viku.

Líkt og í öðru máli sem verið er að rannsaka í Vestmannaeyjum fundust, auk fíkniefna, áhalda og peninga, upplýsingar um kaupendur.

Í dag rennur út gæsluvarðhald yfir mönnunum tveimur sem handteknir voru eftir húsleitina í Súðavík á fimmtudaginn. Að sögn lögreglu kærðu mennirnir ekki gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Vestfjarða til Hæstaréttar, en hann var kveðinn upp á föstudag. **- óká**

## LÖGREGLUMÁL

**Eiturlyfjasala í rannsókn**
Yfirheyrslum er að ljúka í rannsókn lögreglu á fíkniefnamáli sem upp kom á gamlársdag í Vestmannaeyjum. Lögregla gerði í nokkrum húsleitum upptæk um 1,5 kíló af hassi, um 20 grömm af amfetamíni, lítilræði af kókaíni og nokkrar e-töflur. Manni sem setið hefur í gæsluvarðhaldi var sleppt um helgina.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Norðlingaölduveita á við eina virkjun

**Forstjóri Landsvirkjunar segir að framundan séu viðræður við heimamenn austan og vestan Þjórsár á næstunni um Norðlingaölduveitu og þá stöðu sem upp er komin eftir úrskurð umhverfisráðherra um áramótin.**

**UMHVERFISMÁL** Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að næsta skref af hálfu fyrirtækisins verði að taka upp viðræður við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hagsmuna eiga að gæta varðandi Norðlingaölduveitu.

Ekki tókst á ná samstöðu um Norðlingaölduveitu innan Samvinnunefndar miðhálendisins sem varð til þess að hún lagði til að hætt yrði við veituna og aðrir valkostir nýttir til raforkuöflunar fyrir Landsvirkjun.

Umhverfisráðherra samþykkti ekki umræddar breytingar í úrskurði sínum fyrir áramót og er því málið enn á ný komið til Samvinnunefndarinnar.

Í lögum um raforkuver hefur Landsvirkjun heimild til að ráðast í Norðlingaölduveitu með takmörkunum sem fólust í úrskurði Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, fyrir þremur árum.

Fyrir liggur að Norðlingaölduveita er hagkvæmur kostur til þess að auka raforkuframleiðslu í þeim virkjunum sem starfræktar eru á Þjórsár- og Tungnársvæðinu. Hún eykur vatnsforða og þar með framleiðslugetu Vatnsfellsvirkjunar, Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar en einnig Búðahálsvirkjunar sem er í undirbúningi. „Ég tel eðlilegast að ræða við heimamenn til þess að við getum áttað okkur betur á þeirri stöðu sem nú er komin upp. Það liggur fyrir að hér er um gríðarlega fjárhagslega hagsmuni að ræða fyrir Landsvirkjun. Veitan hefur sáralítil áhrif á umhverfið og segja má að hún spari okkur eina meðalstóra virkjun með tilheyrandi raski sem slíkum framkvæmdum fylgir,“ segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.



**FRIÐRIK SOPHUSSON** Norðlingaölduveita er afar hagkvæm og jafngildir heilli virkjun.

Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, ætlar að bera upp tillögu á fundi borgarstjórnar 17. janúar næstkomandi um að Reykjavíkurborg, sem á 45 prósenta hlut í Landsvirkjun, leggist gegn öllum frekari virkjunarframkvæmdum í Þjórsárverum og að fallið verði frá gerð Norðlingaölduveitu. „Ég hef áður borið upp tillögur um mikilsverð umhverfismál í borgarstjórn. Viðhorfin eru að snúast gegn Norðlingaölduveitu og með því að flytja tillöguna hjálpa ég öðrum borgarfulltrúum til þess að taka afstöðu gegn fyrirhuguðum framkvæmdum.

**johannh@frettabladid.is**



**FRÁ SLYSSTAÐ** Íranska sjónvarpið sýndi þessa mynd af flaki vélarinnar.

Yfirmenn sérsveitar farast:

# Mannskætt flugslys í Íran

**ÍRAN, AP** Yfirmaður landhersveita Byltingarvarðarins, sérsveita Íranshers, fórst ásamt tólf öðrum þegar herflugvél hrapaði í norðvesturhluta Írans í gærmorgun. Auk hershöfðingjans Ahmad Kazemi voru tíu farþeganna hátt settir yfirmenn sérsveitarinnar, samkvæmt upplýsingum frá íranska hernum. Fréttum ber ekki saman um hvað olli slysinu, og hefur veðri, vélarbilun og bilun í lendingarbúnaði flugvélarinnar verið kennt um.

Þetta er annað flugslys herflugvéla á rúmum mánuði í Íran, en í bæði skiptin voru flugmenn vélanna að reyna nauðlendingu. **- smk**

Landsmönnum fjölgar ört:

# Íslendingar 300.000 talsins

**FÓLKSFJÖLGUN** Mannfjöldaklukka Hagstofu Íslands sló 300.000 snemma í gærmorgun þegar sveinbarn fæddist á fæðingardeild Landspítalans. Drengurinn er sonur Erlu Maríu Andrésdóttur og Haralds Arnarsonar, íbúa í Reykjanesbæ.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri ætla að heimsækja drenginn í dag. Íslendingum hefur fjölgað mikið síðustu ár og segir Ólöf Garðarsdóttir, hjá Hagstofunni, að fjöldi aðfluttra Íslendinga hafi aldrei verið meiri. **- sk**




Samfylkingin studdi framkvæmdir við Þjórsárver en hefur nú skipt um skoðun:

# Vill enga Norðlingaölduveitu

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að hætta eigi við öll áform um orkuframkvæmdir á Þjórsárverasvæðinu. Samfylkingin studdi á sínum tíma að ráðist skyldi í Norðlingaölduveitu í samræmi við úrskurð Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, árið 2003 og er því um stefnubreytingu Samfylkingarinnar að ræða.

„Ein meginforsendan þá var að heimamenn, Umhverfisstofnun og Landsvirkjun næðu samkomulagi um útfærslu veitunnar. Sú sátt er ekki fyrir hendi,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

„Meira máli skiptir þó, að nú liggur fyrir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þar fær Þjórsárverasvæðið hæstu einkunn allra athugunarsvæða hvað náttúru og umhverfi varðar. Við viljum vinna eftir þessari rammaáætlun,“ segir Ingibjörg Sólrún.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Aðstæður eru breyttar og þingflokkurinn vill vinna eftir nýlegri rammaáætlun, segir Ingibjörg Sólrún.

Í ályktun þingflokksins segir að sú þörf, sem stuðningsmenn veitunnar töldu að væri fyrir hendi vegna stækkunar álversins á Grundartanga, væri ekki lengur fyrir hendi. Þingflokkur Samfylkingarinnar mælist til þess að stjórnvöld taki þegar að vinna eftir rammaáætluninni og ætlar að taka málið upp á Alþingi hið fyrsta. **- jh**





# ÞEIR SEM TAKA **KB ÍBÚÐALÁN** Í DAG GREIÐA SÖMU VEXTI NÆSTU 40 ÁRIN

Kynntu þér málið í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.

KB BANKI
– kraftur til þín!

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 09.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,93 | 61,23 |
| Sterlingspund | 107,71 | 108,23 |
| Evra | 73,63 | 74,05 |
| Dönsk króna | 9,869 | 9,927 |
| Norsk króna | 9,283 | 9,337 |
| Sænsk króna | 7,89 | 7,936 |
| Japanskt jen | 0,5337 | 0,5369 |
| SDR | 88,38 | 88,9 |

*Gengisvísitala krónunnar*
103,3088

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sameinað átak yfirvalda við landamæraeftirlit á Egilsstöðum í lok síðustu viku:

# Tíundi hver reyndi að smygla

**LÖGREGLA** Gerðar voru um níutíu kæruskýrslur vegna smyglmála á Egilsstaðaflugvelli í lok síðustu viku, en á þeim tíma fóru um 900 farþegar erlendis frá um völlinn. Algengt var að farþegarnir, sem langflestir vinna við Kárahnjúka og á Reyðarfirði, reyndu að hafa með sér matvæli, vín og tóbak umfram heimildir.

Aukið eftirlit var frá fimmtudegi og fram á sunnudag vegna komu fimm véla, frá Póllandi, Ítalíu og Danmörku. Ástríður Grímsdóttir, sýslumaður á Seyðisfirði, segir viðbúnaðinn hafa verið mikinn. „Sýslumannsembættið á Seyðisfirði naut aðstoðar Tollstjórans í Reykjavík, Fíkniefnadeildar Lögreglunnar í Reykjavík, Landhelgisgæslunnar, Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og Sýslumannsins á Eskifirði. Fimm fíkniefnahundar tóku þátt í aðgerðunum og fannst lítilræði af fíkniefnum, sem ætluð voru til einkanota, á tveimur farþegum,“ segir hún. Margir reyndu að smygla kjöti og ostum, en þá var einnig mikið af vindlingum tekið af Kínverjum. „Þeim finnst sígaretturnar dýrar á Íslandi,“ segir Ástríður. **- kk/óká**



**FLUGVÖLLURINN Á EGILSSTÖÐUM** Myndin er tekin í desember af farþegum í innanlandsflugi, en völlurinn þjónar einnig millilandaflugi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnmál í Hvíta-Rússlandi:

# Kosningar eintómt sjónarspil

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Alexander Voitovich, sem um árabil var einn helsti samherji Alexanders Lúkasjenkós forseta Hvíta-Rússlands, sagðist í gær vera hættur við framboð.

Voitovich var forseti hvít-rússneska þingsins til 2003, er honum sinnaðist við Lúkasjenkó. Voitovich sagði að enginn þeirra átta manna sem væru í framboði fyrir kosningarnar 19. mars hefði fengið aðgang að ríkisstýrðum fjölmiðlum landsins. Voitovich sagði að kosningarnar yrðu ekki annað en sjónarspil sem ætlað væri að gefa því lögmætisblæ að Lúkasjenkó sæti þriðja kjörtímabilið. ■



**TILRÆÐISMAÐUR PÁFA** Til stendur að leysa Mehment Ali Agca úr haldi á fimmtudag.

Tilræðismaður páfa:

# Verður sleppt

**PÓLLAND, AP** Tyrkneskur dómstóll hefur ákveðið að láta lausan Mehmet Ali Agca á fimmtudag. Ali Agca sýndi Jóhannesi Páli II páfa banatilræði á Péturstorginu í Róm árið 1981.

Núverandi erkibiskup af Kraká og fyrrverandi einkaritari páfa, Stanislaw Dziwisz, sem hélt hinum særða páfa í fangi sér og er talinn hafa bjargað lífi hans eftir árásina, segist sáttur við ákvörðunina.

„Jóhannes Páll II náðaði Ali Agca fyrir löngu,“ segir Dziwisz. Dziwisz biður fyrir hinum 47 ára gamla Ali Agca, sem var framseldur til Tyrklands árið 2000 eftir að hafa setið nærri tuttugu ár í ítölsku fangelsi. **- smk**

## TANSANÍA

**Hótel Serengeti** Stjórnvöld í Tansaníu íhuga hvort veita eigi vellauðugum fjárfesti frá Dubai rétt til að reisa allnokkur hótel í miðjum Serengeti-þjóðgarðinum heimsfræga. Óttast margir að það marki endalok þessa „áttunda undurs veraldar“ eins og garðurinn hefur verið kallaður.

**Læknar á móti töfralæknum** Stjórnvöld hafa nú tekið höndum saman við lækna í Tansaníu til að fá fólk af þeirri iðju að leita til töfralækna sé það með berkla. Berklaveikum í landinu hefur fjölgað mjög og margir, sérstaklega þeir eldri, sækja lækningu til „hefðbundinna“ töfralækna.

# Metviðskipti í Kauphöll eftir sölu í Íslandsbanka

**Samherjamenn, Nóatúnsfjölskyldan og Byggingafélag Gylfa og Gunnars koma ný í hluthafahóp Íslandsbanka. Hlutabréfaviðskipti fyrir rúma 122 milljarða í gær. Forstjóri Straums-Burðaráss sáttur við söluna.**

**VIÐSKIPTI** Gærdagurinn var veltumesti dagurinn með hlutabréf frá upphafi í Kauphöll Íslands en alls námu hlutabréfaviðskipti 122,7 milljörðum króna. Um 68 milljarða viðskipti voru með bréf Íslandsbanka.

Úrvalsvísitalan endaði í 5.967 stigum og hefur hækkað um tæp átta prósent frá áramótum.

Eftir sölu Straums-Burðaráss á 25 prósenta hlut í Íslandsbanka ráða Karl Wernersson, Baugur Group og FL Group um 40 prósentum í bankanum. Einar Sveinsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka, og Benedikt bróðir hans ráða um sex prósentum og Jón Snorrason og tengdir aðilar um fjórum.

Íslandsbanki keypti 4,5 prósent af Straumi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru bréfin seld meðal annars til Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, og Saxbyggs sem er í eigu Nóatúnsfjölskyldunnar og Byggingafélags Gylfa og Gunnars.

Með þessari sölu lýkur þætti Straums sem eins af stærstu eigendum Íslandsbanka. Straumur eignaðist 14,4 prósent haustið 2004 þegar bankinn keypti bréf af Burðarási, Landsbankanum og Landsbankanum Luxembourg. Með sameiningu við Burðarás nú í haust jókst hlutur Straums í 26 prósent.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums-Burðaráss, er mjög sáttur við söluna á bréfunum og segir að ávöxtunin hafi verið góð á því tæpa eina og hálfa ári sem bankinn átti Íslandsbankabréf. „Innleystur söluhagnaður er um sextán milljarðar króna. Það er ljóst að þetta styrkir bankann og víkkar okkar tækifæri til eflingar á Straumi sem fjárfestingarbanka.“ Þegar Straumur fór inn í Íslandsbanka var eigið fé félagsins um 29 milljarðar. Tæpu einu og hálfu ári síðar stendur það nærri 120 milljörðum. Þórður segir ennfremur að þetta auki möguleika Straums að taka þátt í öðrum verkefnum og það sé augljóst að áherslan eykst erlendis



**ALLT Á UPPLEIÐ** Hlutabréf hækkuðu talsvert í metviðskiptum eftir að greint var frá sölu Straums á 21 prósenta hlut í Íslandsbanka.

Einnig hafa orðið nokkrar minni háttar breytingar á eignarhaldi innan Actavis og Straums. Róbert Wessman, forstjóri Actavis, hefur keypt af Straumi-Burðarási hlutabréf fyrir 3,5 milljarða króna og fer í hóp stærstu eigenda. Félög í eigu Karls Wernerssonar seldu Straumi hlutabréf í Actavis fyrir meira en fimm milljarða króna í skiptum fyrir bréf í Íslandsbanka. Eftir sem áður er Amber International, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, stærsti eigandinn í Actavis.

FL Group borgaði fyrir sextán milljarða hlut í Íslandsbanka með bréfum í Straumi og Landsbankanum. Virði Straumsbréfanna nam 10,6 milljörðum króna en FL Group átti um sex prósent í Straumi.

**eggert@frettabladid.is**

**KAUPENDUR ÍSLANDSBANKABRÉFANNA**

| Kaupendur | Hlutur | Kaupverð |
|---|---|---|
| FL Group | 6,6% | 16,0 |
| Milestone | 3,9% | 9,5 |
| Jón Snorrason | 2,9% | 7,0 |
| Ker hf.* | 2,0% | 4,9 |
| Þorsteinn Már Baldvinsson | 2,0% | 4,7 |
| Saxbygg ** | 1,1% | 2,9 |
| Benedikt Sveinsson | 0,6% | 1,5 |
| Einar Sveinsson | 0,6% | 1,5 |
| Aðrir | 1,4% | 3,4 |

* Ker er í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa
** Saxbygg er í eigu Saxhóls (Nóatúnsfjölskyldan) og Byggingafélags Gylfa og Gunnars

**STÓRIR HLUTHAFAR ÍSLANDSBANKA**

| | |
|---|---|
| 1. Þáttur | 19,4% * |
| 2. FL Group | 16,4% ** |
| 3. Straumur-Burðarás | 4,9% |
| 4. Milestone | 3,9% |
| 5. Einar Sveinsson | 3,7% *** |
| 6. Jón Snorrason | 3,6% **** |

* Þáttur er 80% í eigu Milestone (Karl Wernersson og systkini) og 20% í eigu Baugs
** FL Group er 25% í eigu Hannesar Smárasonar og 25% í eigu Baugs
*** Einar og félög í hans eigu. Auk þess á Benedikt Sveinsson nokkurn hlut.
**** Jón Snorrason og félag í hans eigu og tengdra aðila.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁTÖKIN EKKI AÐ BAKI**
Þó að kort dagsins ein-kennist af hægviðri víðast hvar gefur það ekki bragðið um fram-haldið. Á fimmtudag er útlit fyrir hvassviðri víða um land með rigningu eða slyddu á landinu sunnan og vestanverðu. En kætumst meðan kostur er og þau él sem sjást á kortinu verða að líkindum ekki mjög mikil.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðvestan gola og stöku él. Hiti við frostmark.

*um hádegi »*




*» miðvikudagur*




Fremur hægur vindur.

*» fimmtudagur*




Allhvasst um land allt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C hálfskýjað | París | 8°C hálfskýjað | Alicante | 16°C rigning |
| Osló | 3°C skúrir | Berlín | 1°C heiðskírt | Mílanó | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C hálfskýjað | Frankfurt | 4°C alskýjað | New York | 8°C léttskýjað |
| Helsinki | -1°C alskýjað | Madríd | 9°C alskýjað | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 10°C hálfskýjað | Barcelona | 12°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 24°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




GOTT FÓLK McCANN

# ÁST ER...

AÐ BREYTAST Í PRINSESSUR, KÓNGSSYNI
OG GALDRAKARLA Á HVERJU KVÖLDI

Því það er ómetanlegt að leiða dóttur sína á vit spennandi ævintýra og setja þannig punktinn aftan við skemmtilegan dag.

Ást er líka að gera ráðstafanir til að tryggja fjölskyldunni fjárhagslegt öryggi ef þú missir tekjur vegna veikinda eða fellur frá.

SJÓVÁ LÍF

SVO AÐRIR GETI TREYST Á ÞIG



## KJÖRKASSINN

*Er of mikill hávaði af flugeldum?*

| | |
|---|---|
| Já | 64% |
| Nei | 36% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að banna sölu íslensks neftóbaks?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ísraelski forsætisráðherrann Ariel Sharon vakinn úr lyfjadái:

# Andar sjálfur en batahorfur óljósar

**JERÚSALEM, AP** Forsætisráðherra Ísraels, Ariel Sharon, hóf í gær að anda sjálfur er læknar byrjuðu að vekja hann úr dásvefni sem honum hefur verið haldið í með lyfjagjöf síðan hann fékk alvarlegt heilablóðfall í síðustu viku. Jafnframt hreyfði hann hægri höndina, samkvæmt heimildum ísraelskrar sjónvarpsstöðvar, en talsmenn sjúkrahússins vildi ekki staðfesta þær fréttir.

Þó er enn óljóst um batahorfur Sharons og enn er hann talinn í lífshættu.

Margir hafa talið Sharon, sem er 77 ára gamall, líklegastan til að geta leyst úr deilunni milli Ísraela og Palestínumanna og hafa ófyrirséð veikindi hans vakið mörgum áhyggjur um framhaldið. Ehud Olmert, varaforsætisráðherra landsins, gegnir nú stöðu Sharons. Lagalega getur hann haldið henni í rúma þrjá mánuði. Olmert segist ætla að fylgja stefnu Sharons eftir. Látist Sharon, eða verði hann dæmdur óhæfur til að gegna embætti sínu vegna heilsubrests, hefur ríkisstjórnin sólarhring til að kjósa nýjan forsætisráðherra úr röðum fimm ráðherra sem tilheyra Kadima-flokki Sharons. Einn þessara fimm er Olmert, og er hann talinn líklegur til sigurs. **- smk**



**SHARON BRENNDUR** Herskáir Palestínumenn úr Al-Aqsa-píslarvottunum brenndu mynd af Sharon á fámennum mótmælafundi á Gaza í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samfylkingin í Kópavogi:

## Flosi stefnir á fjórða sætið

**PRÓFKJÖR** Flosi Eiríksson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, sækist eftir fjórða sæti á lista flokksins í næstu bæjarstjórnarkosningum.

„Samfylkingin á þrjú sæti í bæjarstjórn Kópavogs og ég ætla að sækjast eftir því fjórða á listanum og að vinna það í kosningunum í vor," segir hann. „Ég er ekki að hætta í pólitík þótt ég stefni á fjórða sætið." Flosi vill ekki gefa upp með hvaða flokki hann vilji starfa komist Samfylkingin í þá stöðu: „Við skulum kjósa fyrst." Framsókn og Sjálfstæðisflokkur mynda nú meirihluta í bænum. Framsóknarmenn hafa þrjá fulltrúa og sjálfstæðismenn fimm. ■

Höfuðborgarsvæðið:

## Þrjár brennur klukkan sex

**BRENNUR** Kveikt verður í þrettándabrennu á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi, á bökkunum við Gestshús á Álftanesi og við Reynisvatn á móts við Sæmundarsel í Reykjavík klukkan sex í kvöld. Einnig verður flugeldasýning við Gufunes í Reykjavík og Fagralund í Kópavogi á sama tíma og við Sæmundarsel klukkustund síðar.

Hætt hefur verið við þrjár brennur: Brennuna á Ásvöllum, sem oftast er kölluð Haukabrenna, brennuna við Fagralund í Kópavogi og við Ægissíðu í Reykjavík. ■

# Örvænting farin að gera vart við sig

**Margrét Erla Guðmundsdóttir er ein þeirra foreldra sem sjá sér vart fært að sækja atvinnu, en hún fær enga vistun fyrir börn sín.**

**DAGVISTUN** „Staðreyndin er sú að ef ég fæ ekki dagmömmu strax verð ég að hafna þeim atvinnutilboðum sem mér hafa borist og á að svara næstu daga," segir Margrét Erla Guðmundsdóttir, einstæð móðir sem er ein þeirra sem verða að gera sér að góðu að dvelja heima þar sem börn hennar fá hvergi inni hjá dagforeldri.

Margrét er ekki sú eina á höfuðborgarsvæðinu sem verður að vera frá vinnu vegna skorts á dagforeldrum. Fullt er langt fram í tímann hjá þeim flestum og eru margir foreldrar orðnir svo örvæntingarfullir að engu máli skiptir lengur hvar pláss er að fá svo lengi sem það fæst. Er dæmi um að foreldrar í vesturbæ Reykjavíkur aki barni sínu til dagforeldris í Mosfellsbæ dag hvern til að geta stundað vinnu sína með eðlilegum hætti.

Margréti býðst atvinna nú þegar en hún getur ekki lofað sér meðan hún fær ekki dagvist. „Það segir sig sjálft að geti enginn annast börnin mín þá eru mér öll sund lokuð með að sækja atvinnu. Ég hef leitað lengi og vandlega og er samt í Breiðholtinu þar sem hvað flestir dagforeldrar eru en hef komið að lokuðum dyrum hvarvetna hingað til og mér skilst að líkurnar á að pláss losni fljótlega séu litlar sem engar. Ég er orðin verulega örvæntingarfull."



**FRAMTÍÐIN Í UPPNÁMI** Margrét Erla Guðmundsdóttir hefur um skeið leitað að atvinnu. Nú hefur hún fengið atvinnutilboð en verður líklega að hafna þeim því enga gæslu er að fá.

**NIÐURGREIÐSLUR DAGGÆSLU Í NOKKRUM SVEITARFÉLÖGUM**

**8 stunda vistun***




* miðað við einstætt foreldri

Skortur er á dagforeldrum á öllu höfuðborgarsvæðinu, í mismiklum mæli þó. Þannig er fjöldi dagforeldra í Hafnarfirði nægur og biðlistar stuttir. Vandi annarra sveitarfélaga er stærri. Tilfinnanlegur skortur er á dagforeldrum í Reykjavík og í Kópavogi. Rúmlega 30 dagforeldrar eru á skrá í Kópavogi þar sem búa 26 þúsund manns en þeir eru 52 í Hafnarfirði þar sem íbúar eru 22 þúsund. Biðlistar eru einnig nokkrir í Mosfellsbæ, Garðabæ og á Seltjarnarnesi og fullbókað er hjá öllum dagforeldrum á Akureyri.

Gera má ráð fyrir að heildarlaun flestra dagforeldra á höfuðborgarsvæðinu sem hafa fimm börn í sinni umsjón séu í kringum 300 þúsund krónur miðað við gjaldskrár. Algengt gjald er á milli 55 og 65 þúsund krónur á mánuði og dekka niðurgreiðslur sveitarfélaganna því um helming kostnaðar foreldra vegna vistunar barns.

**albert@frettabladid.is**

Hafnarfjörður:

## Enginn skortur

**DAGVISTUN** „Við berum okkur nokkuð vel hér í Hafnarfirði og ég hef ekki orðið vör við neina óánægju og enginn áberandi skortur er á dagforeldrum eins og sakir standa," segir Þórdís Kristvinsdóttir, formaður samtaka dagforeldra í Hafnarfirði.

Alls eru 52 dagforeldrar á skrá hjá Hafnarfjarðarbæ og segir Þórdís það duga til. „Ég veit ekki um neina biðlista nokkurs staðar í bænum og foreldrar hér hafa ekki sett verðlagningu okkar neitt fyrir sig hingað til. Niðurgreiðslur til okkar eru ágætar að mínu mati og voru lengi vel hærri hér en annars staðar. Kannski er það ástæða þess að hækkanir annars staðar undanfarið hafa ekki farið fyrir brjóstið á okkur."

Kópavogur:

## Tilfinnanlegur skortur

**DAGVISTUN** „Við erum ekki með neinar tölur yfir hversu stór vandinn er en ég veit að það er skortur og sérstaklega nú eftir áramótin," segir Emilía Júlíusdóttir, yfirmaður daggæsludeildar félagsþjónustu Kópavogs.

Aðeins 33 dagforeldrar hafa leyfi til starfa í bænum, sem er svipaður fjöldi og á Akureyri en íbúar þar eru tíu þúsundum færri en í Kópavogi. Emilía viðurkennir að staðan mætti vera mun betri en bendir á að hún sé verri en ella þar sem fleiri nýti sér lengra fæðingarorlof. „Fleiri foreldra vantar þannig vistun um áramót en áður og þá er fullskipað hjá flestum dagforeldrum enda börnin jafnan frá hausti og fram á sumar í vistun."

**Orkuveita Reykjavíkur hefur tilkynnt mat á umhverfisáhrifum stækkunar Hellisheiðarvirkjunar til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar.**

**Opinn kynningarfundur**

verður haldinn í fyrirlestrarsal og í anddyri á 1. hæð í húsi Orkuveitunnar, Bæjarhálsi 1, kl. 16 -19 í dag, 10. janúar.

Klukkan 16:30 verður fyrirlestur um framkvæmdina og helstu niðurstöður mats á umhverfisáhrifum. Einnig munu fulltrúar Orkuveitunnar og ráðgjafar hennar svara fyrirspurnum. Jafnframt gefst tækifæri til að skoða kynningu á veggspjöldum.

Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is, og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf, www.vgk.is.

Nánari upplýsingar veitir
Auður Andrésdóttir, VGK.
Sími: 5400100
Netfang: audur@vgk.is

Orkuveita Reykjavíkur

Fjársvik tveggja manna í Og Vodafone:

# Stálu hálfri milljón frá Hátækni

**LÖGREGLA** Mennirnir tveir sem eru í gæsluvarðhaldi vegna fjársvika hjá Og Vodafone náðu meðal annars út vörum fyrir hálfa milljón hjá Hátækni. Þeir voru gripnir þegar þeir reyndu að ná vörum fyrir mun hærri upphæð út úr fyrirtækinu, samkvæmt heimildum blaðsins.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir ekki ljóst á þessari stundu hve miklum fjármunum félagarnir náðu í heild. Rétt sé að fjárupphæðin, ein og hálf milljón samkvæmt heimildum, sem snúi að Og Vodafone sé aðeins hluti þeirrar sem mennirnir ungu séu grunaðir um að hafa svikið út. Hörður segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort gæsluvarðhaldið yfir þeim verði framlengt. Hann vill hvorki játa né neita að þriðja mannsins, sem talinn er tengjast málinu, sé leitað.




**OG VODAFONE** Fyrrverandi starfsmaður Og Vodafone og félagi hans eru grunaðir um að hafa svikið vörur út úr fyrirtækinu og birgjum þess fyrir milljónir.

Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá Hátækni sem er umboðsfyrirtæki Nokia síma, vildi ekki tjá sig um fjársvik mannanna út úr fyrirtækinu. Hann segir ekki ljóst hvar ábyrgðin liggi og hvort Og Vodafone eða tryggingafélag fyrirtækisins bæti þeim tjónið.

Guðmundur Pálsson, markaðsstjóri hjá Tæknival, segir mennina hafa náð nokkrum þúsundum króna frá þeim. Tjónið sé óverulegt og undir fimmtíu þúsundum.

Hörður segir of snemmt að nefna tölur þar sem rannsókninni sé ekki lokið. **- gag**





# Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

- hvort sem er kaup eða endurfjármögnun

Stuttar boðleiðir:
Þú færð svar innan þriggja virkra daga
frá því að þú skilar fullnægjandi gögnum.

Nýttu þér ráðgjöf okkar og persónulega þjónustu
sem tekur mið af þínum þörfum.
Komdu við í næsta útibúi SPRON
eða hafðu samband í síma 550 1200.

HÉR & NÚ / SÍA

Fyrirtækjaþjónusta
spron.is 550 1200

spron

SKRIFSTOFUVÖRU MARKAÐUR
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
2.-15. JAN.

Kaffihorn
Boðið er upp á rjúkandi heitt kaffi og piparkökur, gómsætar Sómasamlokur og kalda drykki frá Vífilfelli í kaffihorninu okkar!

Aðeins á Suðurlandsbraut 14
Opið virka daga 8 - 18, lau 10 - 16, sun 12 - 16

40% viðbótar-afsláttur
UNITED COLORS OF BENETTON.
Flottar skólavörur

Hlífðarvasar fyrir geisladiska
Vasar úr pappír, 50 í pakka
99kr./pk.

40.000kr afsláttur
Gateway
Borðtölva FX400S + 17" flatskjár
Öflug Pentium D820 Dual Core borðtölva, 1GB vinnsluminni, 250GB harður diskur, DVD skrifari, minniskortalesari, 128MB skjákort. Lyklaborð og mús.
aðeins 119.900kr.

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Árásarmaðurinn er ungur, skolhærður með sítt að aftan og á dökkrauðum bíl:

# Lögregla kallar eftir aðstoð

**LÖGREGLA** Manns sem réðist á fjórtán ára stúlku í strætóskýli við Miklubraut á föstudagskvöldið er enn leitað.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík hvetur hvern þann sem getur gefið upplýsingar um árásina til að gefa sig fram. „Við erum að leita að unguum manni, sennilega innan við tvítugt, skolhærðum með axlasítt hár, sérstaklega að aftan, aðeins styttra í hliðunum. Hann gæti verið meðalmaður á hæð, eða rétt undir því, svona 175 sentímetrar," segir Hörður og bætir við að bíll mannsins sé dökkrauður með svokallaðan „spoiler" eða vindbrjót að aftan. „Það er ekki vitað hvaða tegund, en hann minnir svolítið á Subaru Impreza, gæti verið stærri samt."

Hörður segir að maðurinn hafi komið gangandi að strætóskýlinu frá Sogavegi, en þar lagði hann bílnum. Hann reyndi svo að draga stúlkuna upp í bílinn og var kominn með hana að bílnum þegar hann gafst upp. Stúlkan hafði þá veitt kröftuga mótspyrnu.

Þeir sem vitni urðu að atburðum eða kunna að búa yfir öðrum upplýsingum, eru beðnir að snúa sér til Lögreglunnar í Reykjavík í síma 444-1100. - óká



**VETTVANGUR VIÐ MIKLUBRAUT** Þarna var ráðist á unga stúlku á föstudagskvöld, en árásarmaðurinn gafst upp við að koma henni í bíl sem lagt var við Sogaveg.

Ráðuneytisstjóri hefur ekki fengið embætti sitt aftur og ætlar að stefna ráðherra:

# Kann að verða ríkissjóði dýrt

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra telur ekki við hæfi að tjá sig um hugsanlega málshöfðun Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra og skaðabótakröfu vegna samningsrofs.

Björn undirbýr málshöfðun ásamt lögfræðingi sínum vegna meintra brota á samningum við sig, en í tíð Valgerðar og Finns Ingólfssonar, forvera hennar í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, hefur hann ekki fengið að snúa til starfa sinna sem ráðuneytisstjóri undanfarin tíu ár.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneytinu þann 13. desember síðastliðinn en Björn er í raun enn ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu samkvæmt skipunarbréfi forseta Íslands.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** Segir ekki ólíklegt að ríkissjóður þurfi að greiða bætur.



**BJÖRN FRIÐFINNSSON** Ráðuneytisstjórinn undirbýr skaðabótakröfu.

„Það er mjög slæmt að ráðherrar hafi ekki þá getu sem þarf til að leysa svona mál og það kann að verða ríkissjóði dýrt," segir Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

„Það er ekki ólíklegt að ríkissjóður komi til með að þurfa að greiða bætur vegna afgreiðslu ráðherra. Fari svo hlýtur sú spurning að vakna hvort ríkissjóður eigi ekki endurkröfurétt á hendur ráðherra vegna afglapa í starfi. Í þessu tilviki yrði að skoða það mjög vandlega," segir Lúðvík. - jh

NISSAN MICRA
SKIPT_um stíl



2006
SVAKA SÆT
OG SJÁLFSKIPT LÍKA!

Micra sjálfskiptur
Verð 1.490.000,-

Micra beinskiptur
Verð 1.360.000,-

Micra er frísk og skemmtileg, falleg, fínleg og svo eyðir hún næstum engu. Hún er svo gott sem hinn fullkomni förunautur!

Nýárstilboð – 50.000,- kaupauki
Öllum Nissan Micra sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



Tvíburarnir Snorri og Viðar virtust hressir en við hjartað leyndist lífshættulegur galli sem kallaði á tafarlaust inngrip. Endurhæfing á Reykjalundi hefur fært þeim nýjan styrk til að takast á við verkefni lífsins.

# takk

## fyrir að skila okkur báðum út í lífið á ný

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

HÉR & NÚ / SÍA

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**
Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

## Drögum á fimmtudag

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

**Hálfur milljarður í pottinum 2006**

**Honda CR-V**
lúxusútgáfa í janúar og maí

**10 Honda Jazz**
í júní og júlí



27.517 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.



**GÓÐU KYNNIN GLEYMAST EI** Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, og Jacques Chirac Frakklandsforseti heilsast á tröppum Elysée-hallar í París í gær. Clinton er í fyrirlestraferð og Chirac bauð honum til spjalls í forsetahöllinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sendibílstjóri á sextugsaldri sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Sakaður um að leita á stúlku

**DÓMSMÁL** Sendibílstjóri á sextugsaldri hefur verið sýknaður af ákæru um kynferðisbrot gegn 17 ára gamalli stúlku í nóvemberlok 2003. Um mánuði fyrr hafði maðurinn flutt búslóð stúlkunnar landshorna á milli.

Maðurinn var sakaður um að hafa tekið um rass stúlkunnar, sleikt á henni andlitið og káfað á kynfærum hennar utan klæða. Eftir að ásakanir hennar urðu ljósar lét maðurinn vera að ganga eftir 75.000 króna greiðslu fyrir flutninginn, en stúlkan hafði dregið að greiða honum. Maðurinn kom heim til stúlkunnar umrætt kvöld til að inna hana eftir greiðslunni, en neitar staðfastlega öllum ásökunum um áreiti.

Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi, telur framburð stúlkunnar ekki að öllu leyti trúverðugan. Kemur þar til misræmi milli frásagnar hennar og annarra vitna, til dæmis SMS-sendingar um bílstjórann í ferðinni sem farin var með búslóð stúlkunnar, en stúlkan hafði fengið að fljóta með. Þá kemur fram að hún hafi fyrst sagt bílstjóranum að hún gæti ekki greitt fyrr en síðar þegar búið var að hlaða búslóðinni í bílinn.

Þá er átalinn dráttur á rannsókn málsins sem engar skýringar finnast á. Til dæmis voru ekki teknar skýrslur af þremur vitnum af fimm, þar á meðal bílstjóranum, fyrr en tæpum tveimur árum eftir atburðinn. **- óká**



**VÖRUFLUTNINGAR** Stúlka sem síðar sakaði sendibílstjóra um að káfa á sér fékk með honum far í fjögurra tíma ferð með búslóð hennar.

Danskir múslimar:

# Ætla að áfrýja

**DANMÖRK, AP** Hópur danskra múslima segist ætla að áfrýja ákvörðun saksóknara um að rannsaka ekki frekar mál gegn danska blaðinu Jótlandspóstinum sem birti tólf skopteikningar af Múhameð spámanni í fyrrahaust.

„Við skiljum ekki þessa ákvörðun,“ segir Ahmad Akkari, talsmaður hópsins, og bætti við að skopteikningarnar væru „augljós móðgun við íslam“. Trúin bannar myndbirtingar af spámanninum. Saksóknarinn hefur lýst því yfir að myndbirtingarnar féllu undir tjáningarfrelsi. Blaðið hefur neitað að biðjast afsökunar á birtingu myndanna. Forsætisráðherra Dana, Anders Fogh Rasmussen, hefur neitað afskiptum af málinu. **- smk**


# Aðeins í janúar!

Álbox á 25% afslætti

Vatns- og rykþétt álbox í mörgum stærðum.

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 400x300x245 | 29 | ~~8.342.-~~ 6.256.- |
| 550x350x245 | 47 | ~~9.849.-~~ 7.386.- |
| 550x353x380 | 76 | ~~9.700.-~~ 7.275.- |

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 750x350x350 | 91 | ~~14.433.-~~ 10.824.- |
| 750x550x380 | 157 | ~~17.516.-~~ 13.137.- |
| 750x550x590 | 240 | ~~19.773.-~~ 14.829.- |




06-0002 KC

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




**Í NORÐUR-NOREGI** Í Kautokeino á Finnmörku, þar sem Samar búa í miklum meirihluta, er átak hafið gegn kynferðislegu ofbeldi. Maðurinn á myndinni tengist ekki Kautokeino beint.

Barist gegn körlum í Kautokeino í Noregi:

# Borga fyrir kynlíf með áfengi og sígarettum

**NOREGUR** Átak er hafið gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi gagnvart unglingsstúlkum í Samahéraðinu Kautokeino í Norður-Noregi. Karlmenn, um þrítugt og eldri, hafa stundað það að gefa stúlkum áfengi, sígarettur og peninga gegn kynlífi.

Kynferðislegt ofbeldi kom nýlega upp á yfirborðið í Kautokeino þegar maður nokkur fékk nóg og hringdi í nokkra karlmenn á svæðinu. Þeir stofnuðu karlahópinn Dievddut til að vinna gegn nauðgunum og ofbeldi gagnvart konum með því að kynna og kenna karlmönnum og strákum í Kautokeino heilbrigðari sýn á konur.

Blaðamaður norska Dagbladet ræddi við unglingsstúlkur í Kautokeino. Þær sögðu að allir vissu af þessu. Margar stúlkur í skólanum ættu kærasta sem væru orðnir 30 ára gamlir. Þær sögðu sögur af því hvernig gamlir karlar biðu í bílum sínum fyrir utan skólann til að notfæra sér stúlkurnar.

Kynferðislegt ofbeldi hefur aukist í Kautokeino síðustu ár, ef marka má tölfræðina. Í fyrra komu upp 18 tilfelli um nauðganir og ofbeldi gagnvart konum og var það mun meira en árið áður.

Kynferðislegt ofbeldi hefur verið vandamál í Kautokeino í áraraðir og hefur félagsþjónustan vitað af þessu, en leiðtogi Samanna á svæðinu, Hætta, segir að sambandsleysi sé milli félagsþjónustunnar og stjórnmálamannanna. **- ghs**


Svona bíll á ekki að kosta

2.290.000,-*

Við njótum góðs af magninnkaupum nýs umboðsaðila SAAB á Norðurlöndum og getum því boðið SAAB 9-3 Sedan á ævintýralegu verði. Svona verð er einsdæmi fyrir lúxusbíl í hæsta gæðaflokki og því hefur aldrei verið skynsamlegra að velja SAAB en núna.




* Við trúum þessu ekki heldur.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Öruggasti bíllinn í sínum flokki ár eftir ár og sérstaklega hannaður fyrir skandinavískar aðstæður.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab 93





# Allt að 70% afsláttur

# STÓRÚTSALA



Hágæða parket, flísar, hurðir og baðvörur, á verði sem byggjandi er á





Opið á laugardögum til kl. 16

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - www.egillarnason.is



**MITTERRANDS MINNST** Mazarine Pingeot, dóttir Francois Mitterrands heitins sem var forseti Frakklands 1981-1995, talar við blaðamenn í París í tilefni af því að á sunnudag voru rétt tíu ár liðin frá andláti hans. Frakkar minntust Mitterrands með margvíslegu móti um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samband ungra sjálfstæðismanna afhenti áskorun vegna ástandsins í Súdan:

# Stöðva verður þjóðarmorðin

**ÁSKORUN** Samband ungra sjálfstæðismanna hefur afhent sendiherrum Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Kína og Rússlands áskorun vegna ástandsins í Darfur-héraði í Súdan.

Þessar þjóðir fara allar með neitunarvald í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og þar sem ástandið í Darfur er inni á borði Öryggisráðsins, telja ungir sjálfstæðismenn að þessi ríki geti lagt sín lóð á vogaskálarnar.

Samkvæmt síðustu skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, um ástandið í héraðinu kemur fram að það er að versna. Morð og limlestingar á saklausum borgurum hafa aukist, ungum konum er nauðgað og heilu þorpin eru brennd til grunna. Í skýrslunni kemur fram að talið er að um þrjár milljónir manna þurfi matvælaaðstoð og aðra hjálp frá Sameinuðu þjóðunum eftir að hafa hrakist frá heimilum sínum.



**ÁSKORUN AFHENT** Frá vinstri: Staðgengill sendiherra Bandaríkjanna, Philip Kosnett, Borgar Þór Einarsson, formaður SUS, Teitur Björn Einarsson, ritari SUS og Bolli Thoroddsen, 2. varaformaður SUS. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Borgar Þór Einarsson, formaður SUS, er ánægður með viðtökurnar. „Það er uppörvandi að sjá hversu opnir menn virðast vera fyrir umræðunni.“ Staðgengill sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Philip Kosnett, kvaðst ánægður með þrýstinginn sem óháð félagasamtök líkt og SUS halda uppi út um allan heim vegna stöðunnar í Súdan, þau veki athygli manna á málinu. - æþe

Könnun á verði nikótínlyfja:

# Verðmunur allt að 45 prósent

**VERÐKÖNNUN** Algengur munur á lægsta og hæsta verði á nikótínlyfjum er 25-30% samkvæmt könnun Neytendasamtakanna. Kannað var verð á 32 tegundum (eða stærðareiningum) nikótínlyfja og náði könnunin til ellefu lyfjaverslana. Í könnuninni eru vörur frá tveimur framleiðendum, Nicotinell og Nicorette.

Mestur munur reyndist 45% á 2 mg munnsogstöflum (36 stk.) frá Nicotinell. Hæsta verð var langoftast hjá Lyfjum og heilsu eða í 22 tilvikum. Lægsta verð var oftast í Skipholts apóteki eða í 16 tilvikum og hjá Lyfjaveri í 14 tilvikum. ■









**FRÁ HVUTTADÖGUM** Mikið er um að vera á Hvuttadögum, en þar verða fjölmargir sem tengjast hundahaldi með sýningarbása.

Framkvæmdastjóri Hvuttadaga:

# Konu var vísað á dyr en ekki hundi

**HUNDARÆKT** „Við vísuðum aldrei hundi út af sýningu hjá okkur,“ segir Jón Ísleifsson, framkvæmdastjóri Hvuttadaga, vegna fréttar Fréttablaðsins í gær um aðkomu tryggingafélagsins VÍS að hundasýningum. Var fulltrúa frá VÍS borið á brýn af dýralækni að hafa vikið hundi af sýningu þar sem hann væri skráður í Hundaræktunarfélagið Íshunda en ekki í Hundaræktarfélag Íslands.

„Við hins vegar báðum manneskju, sem reyndar tengist Íshundum, að yfirgefa sýningarbás þegar unnið var að undirbúningi en hún var ekki skráð og átti því ekki að vera þar,“ útskýrir Jón. Hann segir að við það hafi leigjandi bássins viljað fá endurgreitt og víkja af sýningunni og gekk það eftir að hans sögn. „VÍS kom þarna hvergi nálægt en það er verið að reyna að draga fyrirtækið inn í neikvæða umræðu um þetta mál,“ segir Jón. „Þetta var bara einfalt reikningsdæmi fyrir okkur; hvort við vildum einn bás lausan eða tólf, en svo margir höfðu hótað að fara af sýningunni ef umrædd kona viki ekki þar sem talin var hætta á að sýking bærist með hundum hennar,“ segir Jón.

Konan, sem vikið var út, heitir Sesselja Tómasdóttir og segir hún ástæðuna ekki vera þá að hundur hennar sé með sýkingu. „Hann hefur ættbók frá FCI sem er Alþjóða hundaræktarfélagið sem Hundaræktarfélag Íslands byggir allt sitt á og svo hef ég fengið það staðfest frá dýralækni að hann er ekki með sýkingu,“ segir hún. „Hin raunverulega ástæða er sú að ég er dóttir Ástu Sigurðardóttur í Dalsmynni sem rekur einu löglegu hundaræktunina í landinu. Ég fór ekki þarna til að ögra neinum. Vinkona mín var skráð fyrir básnum en hún tók fram að þrír til fjórir yrðu með hann. Ég var ein af þeim og ætlaði að kynna langhunda sem eru lítið þekktir hér á landi og eiga því fullkomið erindi á svona stað,“ segir Sesselja.

Hvuttadagar eru nú í fullum undirbúningi en þeir fara fram í Reiðhöll Gusts dagana 19. til 20. næsta mánaðar. - jse



Nafnasamkeppni VR:

# Fresturinn er til 15. janúar

**FÉLAGSMÁL** Skilafrestur í nafnasamkeppni Verslunarmannafélags Reykjavíkur rennur út 15. janúar næstkomandi. Höfundur tillögunnar sem notast verður við fær 300 þúsund krónur í verðlaun.

Leitað er eftir stuttu og þjálu íslensku orði en dómnefndin a skipa rithöfundarnir Gerður Kristný og Andri Snær Magnason. Ákveðið var að leita eftir nýju nafni á samtökin þar sem gamla nafnið þótti ekki viðeigandi lengur þar sem meginþorri félagsmanna í VR er ekki verslunartengdum störfum. Hægt er að skila inn tillögum á www.vr.is - mh

Fjármálaráðherra Noregs reitir Ísraela til reiði:

# Vill sniðganga vörur frá Ísrael

**NOREGUR, AP** Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs og leiðtogi Sósíalíska vinstriflokksins, hefur lýst yfir stuðningi við að norskir neytendur sniðgangi vörur frá Ísrael í því skyni að sýna sjálfstæðisbaráttu Palestínumanna samstöðu. Ummæli hennar, sem birtust áður en fréttist af alvarlegum veikindum ísraelska forsætisráðherrans Ariels Sharon, vöktu strax hörð viðbrögð bæði frá samráðherrum í norsku ríkisstjórninni og talsmönnum Ísraels og gyðinga.

Í viðtali við Óslóarblaðið Dagbladet var haft eftir Halvorsen að hún sjálf væri fyrir löngu hætt að kaupa ísraelskar vörur og að hún styddi framtak flokkssystkina sinna sem hafa mælst til þess að norskir neytendur sneiði hjá ísraelskum vörum og þjónustu. Hún lagði áherslu á að hún væri að lýsa stefnu flokks síns en ekki stjórnarinnar. Síðar sagði hún það hafa verið mistök hjá sér að mæla fyrir stefnu sem ríkisstjórnin styddi ekki.

Utanríkisráðherrann Jonas Gahr Støre, úr Verkamannaflokknum, lýsti því afdráttarlaust yfir að það væri óhugsandi að ríkisstjórnin tæki þátt í að mæla með því að fólk sniðgengi ísraelskan varning. - aa



**KRISTIN HALVORSEN** Fjármálaráðherra Noregs og leiðtogi Sósíalíska vinstriflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**BÚDDAMUNKAVÍGSLA** Ugyen Thinley Dorje, þriðji æðsti munkurinn í virðingarröð búddamunka Tíbets, blessar nývígða munka í búddahofi í Bodh Gaya á Mið-Indlandi. Tíbetmunkurinn tigni er í vikulangri pílagrímaferð til helgra staða búddista á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VIÐ OPNUNINA** Forseti Íslands virðir fyrir sér hlaupabretti í nýrri heilsuræktarstöð.

Forseti Íslands klippir á borða:

# Ný heilsurækt á Álftanesi

**LÍKAMSRÆKT** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði á föstudag nýja Nautilus-heilsuræktarstöð í Íþróttamiðstöðinni Álftanesi.

Nautilus er stærsta heilsuræktarkeðja á Norðurlöndunum og sú á Álftanesi er fjórða stöðin sem starfrækt er á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við sveitarfélög. Sú fyrsta var opnuð í Sundlaug Kópavogs árið 1997. -sh

Leiguflug frá Höfn til Evrópu:

# Trillukarlar í flugrekstur

**VIÐSKIPTI** Um tuttugu Hornfirðingar, sem flestir tengjast smábátaútgerð, keyptu skömmu fyrir áramót 10 prósenta hlut í eignarhaldsfélaginu City Star. Félagið er að megni til í eigu Íslendinga en það er móðurfélag skoska flugfélagsins City Star Airlines og Landsflugs. Kaupin koma í kjölfar skemmtiferðar hornfirskra trillukarla í september síðastliðnum en þá flugu þeir með City Star Airlines frá Hornafirði.

Vélstjórafélag Íslands:

# Vill íslenska skipaskrá

**SAMGÖNGUR** Vélstjórafélag Íslands hefur skorað á stjórnvöld að stofna hið fyrsta íslenska alþjóðlega skipaskrá. Í ályktun sem félagið sendi frá sér segir að Ísland, eitt landa Evrópu, hafi ekkert gert til að tryggja að héðan séu gerð út kaupskip með íslenskum áhöfnum og það sé furðulegt í ljósi þess að landið eigi allt sitt undir siglingum til landsins og frá.

Félagið segir að áframhaldandi aðgerðarleysi muni hafi þær afleiðingar að þekking og reynsla fagmanna heyri brátt sögunni til.

## LANDHELGISGÆSLAN

**Eftirlit með vopnahléi** Starfsmaður Landhelgisgæslunnar, Marvin Ingólfsson, heldur á næstu dögum til Srí Lanka þar sem hann mun starfa fyrir Íslensku friðargæsluna við vopnahléseftirlit í um hálft ár.

## BANDARÍKIN

**Cheney á sjúkrahús** Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, var í gærmorgun lagður inn á sjúkrahús vegna andnauðar. Talsmaður hans, Lea Anne McBride, sagði lækna hafa sagt að það sem amaði að varaforsetanum hafi mátt rekja til aukaverkana lyfja sem hann tók vegna fótarmeins. Hann fengi að fara heim af spítalanum fyrir kvöldið. Cheney á sér langa sjúkrasögu vegna hjartveiki og er með gangráð.


# Fimmtudagskvöld eru *fjármálakvöld*

Í vetur býður Landsbankinn viðskiptavinum sínum vandaða fjármálafræðslu á fimmtudagskvöldum. Við hefjum leikinn á umfjöllun um efnahagsmál og fjárfestingatækifæri.
Auk fyrirlestranna fá fundargestir tækifæri til að varpa fram spurningum og ræða við sérfræðinga bankans.

## Efnahagsmál í upphafi árs

Sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans fer yfir þróun efnahagsmála á nýliðnu ári og horfur á árinu 2006.
Fyrirlesari: Edda Rós Karlsdóttir.

## Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Sérfræðingur í eignastýringu fer yfir liðið ár og ræðir um hvar fjárfestingatækifæri einstaklinga á verðbréfamarkaði kunna að liggja á nýju ári. Farið verður yfir kosti og galla mismunandi fjárfestingakosta og rætt um hvernig landið liggur fyrir fjárfestingar einstaklinga.

**Fyrirlestrarnir hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:**

**12. janúar** – Íþróttahús Breiðabliks í Smáranum, Kópavogi

**26. janúar** – Langholtsútibú, Holtagörðum

**2. febrúar** – Útibú Landsbankans á Akranesi

**9. febrúar** – Vesturbæjarútibú, Hagatorgi

**23. febrúar** – Árbæjarútibú, Kletthálsi 1

Skráning fer fram á **www.landsbanki.is** og í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á **www.landsbanki.is** viku fyrir hvern fyrirlestur. Í boði er kaffi og léttar veitingar og fundargestir verða leystir út með litlili gjöf.

*Starfsfólk Landsbankans*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 30856 01/2006

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

# Glæsilegasta nýjungin sumarið 2006

## ... sló rækilega í gegn!

Frá 29.990 kr.*

Beint morgunflug

Stórglæsilegir gististaðir og verð sem hefur aldrei sést á Íslandi

6. júní - uppselt
13. júní - síðustu sætin
20. júní - síðustu sætin
27. júní - síðustu sætin

Þökkun ótrúlegar viðtökur! Yfir 900 sæti seld fyrsta daginn.

# Fuerteventura

## Perla Atlantshafsins – fegurstu strendur heims

Heimsferðir bjóða í sumar í fyrsta sinn beint leiguflug til þessarar fögru eyja í Atlantshafinu, þar sem þú finnur fegurstu strendur heimsins, eitt besta loftslag í heimi og fyrst og fremst, glæsilega gististaði þar sem þú nýtur sumarleyfisins við hreint frábærar aðstæður.

*Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Netverð.





Fuerteventura býður ferðamenn velkomna, stolt og tilkomumikil, með stórbrotinni fegurð og hreinum línum hinnu hvítu stranda, einstökum litbrigðum fagurra jarðlita og túrkisbláu hafinu. Ferðamennskan er í mikilli uppbyggingu á eyjunni og stöðugt rísa ný og glæsileg hótel. Á Fuerteventura bjóða Heimsferðir farþegum sínum alls þrjá áfangastaði; Corralejo á norðurenda eyjunnar, Jandia á suðuroddanum og glæsihótelið Sheraton Beach & Golf Resort við Caleta de Fuste skammt frá flugvellinum.

Fuerteventura býður allt það sem maður getur óskað sér í sumarfríinu; einstakar strendur og frábært loftslag, glæsilega gististaði með frábærum aðbúnaði og endalausa afþreyingarmöguleika. Heimsferðir bjóða þér nú þennan frábæra áfangastað á verði sem er hreint út sagt ótrúlegt.





## Forsala - bókaðu strax!

### 10.000 kr. afsláttur

**Þeir sem bóka strax, geta tryggt sér 10.000 kr. afslátt. Fyrstu 500 sætin.**

### Endalausir afþreyingarmöguleikar

- Golf
- Seglbretti
- Sjóskíði
- Baku vatnasleikjagarðurinn
- Dýra- og plöntugarðurinn Oasis Park
- Keila
- Smábátahafnir
- Strandblak
- Köfun
- Snorklun
- Tennis
- Kajakar
- Fuglaskoðun
- Veiði
- Verslun

... og fleira og fleira





## Jandia Mar
**- allt innifalið**

**Glæsileg aðstaða**
Allt innifalið
Fjölskylduherbergi
Loftkæling
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
3 sundlaugar
Nuddlaug
Líkamsrækt
Spa
Snyrtistofa
Nuddstofa
Barnaklúbbur
Barnaleikherbergi
Barnaleiksvæði
3 veitingastaðir
6 barir
Diskótek
Skemmtidagskrá
Íþróttaaðstaða
... og fleira, o.fl.

### Allt innifalið
**Kr. 49.595 í viku**
**Kr. 62.995 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í tveimur samliggjandi herbergjum, allt innifalið, í maí.

**Kr. 59.990 í viku**
**Kr. 77.990 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið, í maí.



## Jandia Playa
**- hálft fæði eða allt innifalið**

**Glæsileg aðstaða**
Fjölskylduherbergi
Loftkæling
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
4 sundlaugar
Nuddlaugar
Líkamsrækt
Spa
Snyrtistofa
Nuddstofa
Barnaklúbbur
Barnaleikherbergi
Barnaleiksvæði
5 veitingastaðir
4 barir
Diskótek
Skemmtidagskrá
Tennisvellir
Blakvöllur
Körfuboltavöllur
Fótboltavöllur
... og fleira, o.fl.

### Með hálfu fæði
**Kr. 47.145 í viku**
**Kr. 56.945 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í tveimur samliggjandi herbergjum með hálfu fæði í maí.

**Kr. 56.790 í viku**
**Kr. 69.890 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði í maí.



## Oasis Royal íbúðir

**Glæsileg aðstaða**
Rúmgóðar íbúðir
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
3 sundlaugar
Veitingastaðir
Barir
Líkamsrækt
Fjölbreytt íþrótta-aðstaða
Internetaðstaða
Borðtennis
Snóker
Verslun
... og fleira, o.fl.

**Kr. 34.695 í viku**
**Kr. 37.995 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi í maí.



## Oasis Tamarindo íbúðir

**Glæsileg aðstaða**
Nýlegar íbúðir
Svalir/verönd
Stór og fallegur garður
Frábær sól-baðsaðstaða
3 sundlaugar
Veitingastaðir
Barir
Matvöruverslun
Smáverslanir
Fjölbreytt íþrótta-aðstaða
Internetaðstaða
Leiktæki
Borðtennis
Snóker
... og fleira, o.fl.

**Kr. 37.395 í viku**
**Kr. 41.595 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi í maí.



## Jandia Golf íbúðir

**Glæsileg aðstaða**
Golfvöllur
Splunkunýjar íbúðir
1 eða 2 svefnherbergi
Rúmgóðar íbúðir
Loftkæling
Svalir/verönd
Glæsilegur garður
3 sundlaugar
Líkamsrækt
Internetaðstaða
Veitingastaðir
Barir
Verslun
... og fleira, o.fl.

**Kr. 41.195 í viku**
**Kr. 46.295 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi í maí.




## Sheraton Beach Golf & Spa Resort

**Glæsileg aðstaða**
5 stjörnu þjónusta og aðbúnaður
18 holu golfvöllur og æfingaaðstaða
Sérkjör á vallargjöldum og rástímum
Hitaðar inni- og útilaugar
Heilsugæsla
Barnaklúbbur
Spa og líkamsrækt
Nudd
Alveg við ströndina
Verslanir í nágr.
Veislu- og ráðstefnusalir
... og fleira, o.fl.

**Kr. 57.960 í viku**
**Kr. 78.526 í 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 1 barn, 2-11 ára, í maí.

# Bókaðu strax! www.heimsferdir.is
## Glæsilegasta sumarfríið á ótrúlegu verði

Heimsferðir

• Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

## Svona erum við

> Norrænir farþegar um Keflavíkurflugvöll 2004.




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: GÆLUDÝRATRYGGINGAR

# Fjölbreyttar tryggingar í boði

Ekki er langt síðan tryggingafélög hófu að bjóða gæludýraeigendum upp á að tryggja dýrin sín. Mörgum kemur það eflaust spánskt fyrir sjónir að dýraeigendur skuli leggja út í kostnað til að tryggja gæludýr, en eigendunum þykir þetta oft sjálfsagt mál. Þeir sem tryggja gæludýrið sitt líta á dýrið sem hluta af fjölskyldunni og telja að það eigi að geta notið góðrar heilsugæsluþjónustu eins og aðrir fjölskyldumeðlimir.

**Hvaða tryggingar eru í boði fyrir gæludýr?**

Hjá Tryggingamiðstöðinni er hægt að kaupa sjúkrakostnaðartryggingu, líf- og heilsutryggingu, ábyrgðartryggingu og gæslutryggingu. Tryggingarnar ná yfir allar tegundir gæludýra. Vátryggingafélag Íslands býður upp á tryggingu sem kallast Dýravernd en það er trygging vegna



sjúkrakostnaðar, vegna fráfalls dýrs af völdum slyss eða sjúkdóma, skaðabóta vegna tjóns sem dýrið veldur á þriðja aðila og eiginleika sem dýrið glatar varanlega.

**Hvenær eru bætur greiddar?**

Margir gæludýraeigendur kaupa líf- og heilsutryggingu. Bætur vegna þeirrar tryggingar eru greiddar ef dýrið deyr af völdum sjúkdóms eða slyss eða ef aflífa verður dýrið samkvæmt úrskurði dýralæknis, ef dýrið týnist eða ef því er stolið, og telst það tapað ef það hefur ekki komið fram eftir tveggja mánaða leit. Þá eru bætur greiddar ef dýrið missir heilsu sína varanlega eða ef það missir sérstaka eiginleika.

**Hvenær eru bætur ekki greiddar?**

Bætur úr líf- og heilsutryggingu eru ekki greiddar ef dýr er aflífað vegna árásargirni, ef arfgengir, meðfæddir, aldurstengdir eða hrörnunarsjúkdómar og þess háttar kvillar leiða það til dauða. Þá eru bætur ekki greiddar ef rekja má aflífun til ofnæmis eigenda eða umsjónarmanna dýrsins.

## SPURT & SVARAÐ

UPPLÝSINGATÆKNI



GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON

### Netsjónvarp er framtíðin

Íslenska upplýsingatæknifyrirtækið Industria samdi á dögunum við norska fyrirtækið Opera um notkun vafra í netsjónvarp sem Industria framleiðir. Guðjón Már Guðjónsson, oft kenndur við OZ, er forstjóri fyrirtækisins.

**Hvað er netsjónvarp?**

Netsjónvarp er í raun og veru það sama og hið gamla og góða sjónvarp, nema hvað sjónvarpsefnið er sent yfir internetið í netsjónvarpinu.

**Hvaða möguleikar felast í netsjónvarpinu?**

Það er gagnvirknin. Að sjónvarpsáhorfandinn geti verið eigin sjónvarpsstjóri.

**Hvers vegna er Opera-vafrinn bestur?**

Vegna þess að hann er hraðvirkari heldur en aðrir vafrar. Það er ekki það mikið reikniafl í sjónvarpstækjum, eða í afruglurum fyrir sjónvarpstæki, og þess vegna hentar Opera-vafrinn netsjónvarpinu okkar best.




# Konurnar styrktu stöðu sína

**Árið 2005 unnu konur víðs vegar um heiminn ýmsa góða sigra á vettvangi stjórnmálanna. Afríka fékk sinn fyrsta kvenkyns þjóðhöfðingja og í Mið-Austurlöndum fengu konur aukin lýðræðisleg réttindi.**



**FYRSTI KVENKYNS ÞJÓÐHÖFÐINGI AFRÍKU** Ellen Johnson-Sirleaf var kosin forseti Líberíu í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konur geta litið til síðasta árs nokkuð glaðar í bragði því víðast hvar batnaði staða þeirra í stjórnmálum. Á árinu 2005 fjölgaði þeim konum sem sitja á þjóðþingum heimsins um 16,1 prósent. Í dag gegna 6.960 konur þingmennsku samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaþingmannasamtökunum í Genf.

„Á þessu ári hafa konur tekið grasrótarbaráttuna og breytt henni í eitthvað stærra með því að þróa hana í mjög vel úthugsaða pólitíska áætlun,“ segir Kavita Ramdas, forseti bandarísku samtakanna Global Fund for Women, sem úthlutar fé til kvenréttindahópa víðs vegar um heiminn. „Fyrir tíu árum báðum við um lög til verndar konum,“ segir hún. „Nú viljum við einnig fá konur í valdastöður svo þær geti búið til lög.“

**Sætir sigrar**

Í Írak og Afganistan buðu fjölmargar konur sig fram í fyrstu kosningum eftir stríð og enn fleiri konur flykktust á kjörstaði til að kjósa. Í báðum löndum er fjórði hver þingmaður kona.

Kosningarnar í Afganistan í september voru fyrstu þingkosningarnar í landinu í meira en 30 ár. Afganar kusu 68 konur á þingið, sem 249 manns sitja. „Þingkonurnar munu vera rödd helmings íbúa þessa lands sem hefur svo lengi verið þögull,“ sagði Safia Siddiqi, ein þingkvennanna í samtali við AP-fréttastofuna.

Í Þýskalandi tók Angela Merkel við kanslaraembætti í nóvember, tveimur mánuðum eftir þingkosningar í landinu. Merkel, sem er menntuð í eðlisfræði og leiðir nú kristilega demókrata, er fyrsti Austur-Þjóðverjinn og fyrst kvenna sem verður kanslari Þýska sambandslýðveldisins.

Í nóvember var Ellen Johnson-Sirleaf kosin forseti Líberíu, og varð þar með fyrsta konan sem kosin er þjóðhöfðingi í Afríkuríki. Johnson-Sirleaf er fyrrverandi fjármálaráðherra en vann síðan fyrir Citibank og Sameinuðu þjóðirnar. Í ræðu sem hún hélt eftir kosningarnar lofaði hún að enda tíma spillingar og karlræðis í stríðshrjáðu landi sínu og hún bað allar afrískar konur um að taka virkari þátt í stjórnmálum ríkja sinna.



**KONA KANSLARI** Angela Merkel vann mikinn sigur þegar hún var kosin fyrsti kvenkanslari Þýskalands í haust. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**KOSNINGASLAGUR** Mótframbjóðandi Michelle Bachelet, Sebastian Pinera, kyssir Bachelet á kinnina þegar einungis tvær vikur eru til kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Konur í verslunarráðið**

Lama al-Sulaiman og Nashwa Taher, tvær sádi-arabískar kaupsýslukonur, voru kosnar í verslunarráð borgarinnar Jedda í nóvember. Þetta var í fyrsta sinn sem konum var leyft að bjóða sig fram til opinberra embætta í Sádi-Arabíu, og þetta skref er afar mikilvægt þegar litið er til þess að sádi-arabískar konur mega hvorki aka bifreið né ferðast til annarra landa án leyfis frá karlmanni. Í Kúveit fengu konur jafnframt fullan kosningarétt og þar settist ein þeirra í ríkisstjórn í fyrsta sinn.

Í Chile er búist við að Michelle Bachelet verði kosin fyrsti kvenforseti Chile í seinni umferð forsetakosninganna sem fara fram um miðjan þennan mánuð, en hún fékk 46 prósent atkvæða í fyrri umferðinni.

Jafnframt ætlar ríkisstjórn Japans að leggja fram tillögu um lagabreytingu í janúar svo keisaradóttirin geti erft tignina. Frá árinu 1947 hafa eingöngu sveinbörn mátt erfa krúnuna, en enginn drengur hefur fæðst í japönsku keisarafjölskyldunni síðan árið 1960. Kannanir sýna að um 71 prósent Japana eru fylgjandi breytingunni.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

# Þetta er okkar besta auglýsing!

Nemendur okkar hafa alltaf verið og munu alltaf verða okkar besta auglýsing!




Samhliða starfi sínu sem þjónn á kaffihúsi lauk Helgi Þór Guðmundsson námi í Auglýsingatækni. Í framhaldi var hann ráðinn sem sölu- og prentráðgjafi hjá Prentmet. Hann fór svo í Photoshop Expert og hefur nýverið lokið ACE prófinu og er í dag viðurkenndur Photoshop sérfræðingur.

Ríkey Garðarsdóttir var að ljúka Skrifstofu- og rekstrarnámi hjá NTV. Hún fékk vinnu meðan á náminu stóð hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar. Hún hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og um helgar eins og hún hafði gert um langan tíma og nýtur þess að vera meira með fjölskyldunni ...

Svavar Friðriksson hafði lengi alið með sér þann draum að reka eigið fyrirtæki. Eftir að hafa lokið Sölu-, markaðs-, og rekstrarnámi samhliða vinnu tók hann við Leppin umboðinu sem hann hefur nú rekið í tæpt ár. „Ég lærði allt sem ég þurfti til að geta látið drauminn verða að veruleika!“

**Námskeið í boði á vorönn 2006 - Skráning í fullum gangi í síma 544 4500**

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

### Auglýsingatækni
156 stundir - Verð: 151.050.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar

### Vefsíðugerð MX 2004
210 stundir - Verð: 165.300.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 14. febrúar

### Photoshop Expert
72 stundir - Verð: 86.450.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 23. febrúar

### Photoshop grunnnám
30 stundir - Verð: 24.700.- Næstu námskeið:
Kvöld- og morgunnámskeið byrja 24. janúar

### Myndbandavinnsla
36 stundir - Verð: 32.300.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 24. janúar

## ALMENNT TÖLVUNÁM

### Tölvunám fyrir byrjendur
60 stundir - Verð: 37.050.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 13. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar

### TÖK-tölvunám fyrir byrjendur
78 stundir - Verð: 56.905.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 20. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. febrúar

### TÖK fyrir lengra komna
36 stundir - Verð: 44.650.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 21. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. mars

## SÉRHÆFT NÁM

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

### Tölvuviðgerðir
72 stundir - Verð: 84.550.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. febrúar

### MCP XP netstjórnun
108 stundir - Verð: 122.550.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. mars

### MCSA 2003 netstjórnun
150 stundir - Verð: 265.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. febrúar

### Kerfisstjórinn
180 stundir - Verð: 189.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. febrúar

### Forritun og kerfisfræði
240 stundir - Verð: 233.700.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. febrúar

## BÓKHALDSNÁM

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Síðan er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### Grunnnám í bókhaldi
108 stundir - Verð: 86.450.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 13. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. febrúar

### Navision viðbótarnám
24 stundir - Verð: 27.550.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. apríl
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. apríl

## STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jafnrík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Skrifstofu- og tölvunám
258 stundir - Verð: 189.050.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 6. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Fjármál og rekstur
132 stundir - Verð: 125.400.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 14. mars
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. apríl

### Sölu- og markaðsnám
264 stundir - Verð: 189.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Skrifstofunám & hönnun
414 stundir - Verð: 322.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Sölunám & hönnun
420 stundir - Verð: 322.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Skrifstofu- og rekstrarnám
462 stundir - Verð: 377.150.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 6. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám
396 stundir - Verð: 298.300.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

Öll uppgefin verð eru staðgreiðsluverð. Þeir sem greiða námskeiðsgjöld með Visa- eða MasterCard láni njóta einnig staðgreiðslukjara.

**ntv.is**

NTV | Hlíðasmára 9 | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is | - viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

# skoðun

## SJÓNARMIÐ

KÁRI JÓNASSON

Grunur um fleiri og fleiri fuglaflensusmit í Tyrklandi

# Á verði gagnvart fuglaflensu

Sífellt fleiri fréttir berast nú af útbreiðslu fuglaflensu, ekki aðeins í Suðaustur-Asíu, heldur líka í Tyrklandi sem er okkur mun nær, og við höfum töluvert samband við. Vegna sífellt fjölgandi tilfella í Tyrklandi brá Evrópusambandið á það ráð í gær, að banna innflutning á óhreinsuðu fiðri frá sex löndum sem liggja að landinu, en áður var búið að banna innflutning á kjúklingum og kjúklingaafurðum þaðan.

Tyrkland er að mörgu leyti sérstakt land. Það er ekki aðeins að það sé á mörkum Evrópu og Asíu, heldur eru þar önnur trúarbrögð og siðir en í Vestur-Evrópu almennt. Þar, eins og víða annars staðar í suðrænum fátækum löndum, er fiðurfé stundum uppistaðan í litlum bústofni bændafólks í afskekktum héruðum, og hreinlæti og heilbrigðiseftirliti líka oft áfátt. Það skal því engan undra að fuglaflensan skuli stinga sér þarna niður, með þeim hætti sem hún hefur nú gert. Þegar svo grunur er um að fuglaflensan hafi líka komið upp í höfuðborginni Ankara, er von að menn taki við sér í Evrópusambandinu. Þetta gerist á sama tíma og yfirvöld í Tyrklandi leggja mikla áherslu á að komast í sambandið, en fuglaflensa þar í landi gæti haft áhrif á þau mál.

*Annað atriði sem snýr að okkur, er að í vor verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til að fylgjast með farfuglum sem koma hingað til lands, því þeir eiga vetrarstöðvar í ótrúlega mörgum og fjarlægum löndum.*

Sum nágrannalönd Tyrkja hafa varað fólk við að fara þangað og önnur hafa tekið upp strangt eftirlit á landamærum með fólki og flutningabílum, enda mikið í húfi. Þótt enn hafi aðeins fá dauðsföll verið staðfest af völdum fuglaflensunnar í Tyrklandi, en grunur er um að fleiri hafi smitast, er það ákveðið áfall fyrir Tyrki. Þeir hafa verið að byggja upp landið sem ákjósanlegt ferðamannaland, þar sem ekki aðeins séu fallegar strendur og gott loftslag yfir ferðamannatímann, heldur ekki síður fallegt landslag og eftirtektarverð menning.

Það er full ástæða til að yfirvöld hér á landi séu vel á verði gagnvart útbreiðslu fuglaflensunnar og að starfsmenn viðkomandi stofnana fylgist vel með þróun mála. Landlæknisembættið hefur ekki séð ástæðu til að mæla með takmörkun ferðalaga til landa þar sem fuglainflúensan -H5N1- hefur komið upp. Hins vegar er ferðamönnum sem eiga leið til viðkomandi landa ráðlagt að viðhafa ýmsar varúðarráðstafanir, svo sem að forðast að snerta lifandi hænsnfugla og villta fugla, fara ekki á fuglamarkaði og borða ekki ósoðið eða illa soðið fuglakjöt og egg. Þá er almennt hreinlæti brýnt fyrir fólki.

Annað atriði sem snýr að okkur, er að í vor verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til að fylgjast með farfuglum sem koma hingað til lands, því þeir eiga vetrarstöðvar í ótrúlega mörgum og fjarlægum löndum. Það má ekkert spara til að rannsóknastofnanir okkar, og vísindamenn þar, geti gert nauðsynlegar rannsóknir á farfuglum, þótt ekki væri nema til að eyða ótta manna um smit.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérgáfa

Benedikt Jóhannesson gerir átökin í viðskiptalífinu að umræðuefni í pistli á heimur.is í gær. „Mikið er lagt upp úr því að mennt sé máttur, en margir af þeim sem hafa náð lengst í viðskiptalífinu eru ekki með mikla menntun að baki. Engu að síður virðast þeir hafa mikla sérgáfu á þessu sviði. Samskiptahættirnir eru ekki alltaf eins og menn eiga að venjast úr fáguðu samfélagi háskólaborgara. Auðvitað er ekki hægt að alhæfa um nokkra hluti og viðskipti, eins og skák, snúast stundum um heppni," skrifar Benedikt. Hann segir að þeir sem lært hafi viðskipti eftir hefðbundnum leiðum séu oft lítt hrifnir af hinum sem koma inn án þess að kunna nokkuð en „meiki það."



### Ný bandalög

„En á sama tíma bera menn virðingu fyrir meistaranum hverju sinni," segir Benedikt. „Sigurvegarinn fær tækifæri sem hinum bjóðast ekki. Hann getur líka beitt óhefðbundnum aðferðum og gert hluti sem öðrum dettur ekki í hug, vegna þess að þeir eru ekki bannaðir, þó svo að fæstum detti í hug að gera slíkt." Og síðan kemur þessi tilvísun í nýjustu tíðindin á markaðnum, Íslandsbankamálið: „Bandalög myndast og gliðna þessa dagana með hætti sem enginn hefur áður kynnst hér á landi. Menn sem ekki talast við einn daginn, sitja sem samherjar þann næsta. Rétt eins og í skákinni er það sigurinn sem mestu skiptir, ekki það að vera með í leiknum."

### Tilfinningar

„Tilfinningar eiga vel heima í stjórnmálum," sagði Björn Þór Sigurbjörnsson í Fréttablaðinu á sunnudaginn og vísaði m.a. til umræðna um náttúruverndarmál. Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi þingkona, virðist á öðru máli. „Ég skil ekki fólk sem talar um landið eins og það sé mennsk vera. Ég skil ekki heldur þessi svokölluðu tilfinningarök í umhverfismálum. Ef til vill er það vegna þess að ég er alin upp í veiðimannafjölskyldu, við það að náttúruauðlindir séu nýttar til lífsviðurværis með býsna beinum hætti. Mitt fólk gengur samt vel um náttúruna; enda á það mikið undir því að hún sé sjálfbær," skrifar hún á vefsíðu sína um helgina.

**gm@frettabladid.is**

# Kannski fáum við betri hugmyndir

**Í DAG**
NORÐLINGAÖLDUVEITA



**INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR**

*Sem betur fer eru heimamenn á svæðinu, íbúar í Gnúpverjahreppi, framsýnt fólk sem ann sínum heimahögum og lætur sig málið varða*

Hundrað ár eru ekki langur tími, síst af öllu í sögu þjóðar. Á síðustu hundrað árum hafa Íslendingar þó upplifað slíkar breytingar á umhverfi sínu og aðstæðum að því verður vart trúað þótt staðreyndir liggi fyrir. Árhundruðin þar á undan voru breytingar sáralitlar svo stökkið verður enn meira fyrir eina fámenna þjóð norður í Dumbshafi. Deila má um hvaða kynslóð sá mestu og áhrifaríkustu breytingarnar. Var það kynslóðin sem fæddist laust fyrir aldamótin nítján hundruð og flutti úr torfbæjum í steinsteypt, upphituð hús? Eða var það kynslóðin sem fæddist á fyrri hluta síðustu aldar og upplifði m.a. samgöngubyltinguna? Eða kannski kynslóðin sem fæddist um og eftir miðja síðustu öld og hefur upplifað fjölmiðlabyltinguna og netið? Eiga næstu kynslóðir jafnvel eftir að sjá enn meiri breytingar á umhverfi sínu?

Það er flókið að aðlagast slíkum breytingum og auðvelt að fyllast ákveðnum hroka, halda að allt sé hægt og jafnvel að allt megi. Efnisleg gæði skipta meira máli nú en nokkru sinni fyrr og við þurfum að eignast allt og eignast það strax. Bókhaldsleg afkoma fyrirtækja skiptir meira máli en nokkuð annað, t.d. starfsmannastefna og ef ekki er hægt að sýna fram á bókhaldslegan gróða um áramót er allt leyfilegt. Þetta hefur líka verið viðhorf stjórnmálamanna og við teljum okkur þess umkomin að meta skammtímagróða meira en náttúruperlur. Við látum eins og við vitum allt og höfum allan rétt en gleymum því hvað við stöldrum skamma stund við. Hundrað ár eru fljót að líða.

Sem betur fer eru þó alltaf einhverjir sem láta ekki skammtímagróðann villa sér sýn en reyna að horfa fram í tímann. Þeir gera sér grein fyrir að við höfum ekki leyfi til að leika okkur með náttúruna eins og hún sé einnota. Slíku fólki eigum við meðal annars að þakka Laxá í Aðaldal og Gullfoss svo nokkuð sé nefnt, fólki sem barðist gegn áformum skammtímagróðasjónarmiðanna. Og enn erum við að berjast við þessi sömu sjónarmið. Þau sjónarmið höfðu betur í deilum um virkjun við Kárahnjúka. Það kemur líklega í hlut kynslóðarinnar sem nú er að vaxa úr grasi að dæma þau mannanna verk og óvíst að hún verði mjög þakklát. Nú er deilt um stækkun friðlands í Þjórsárverum eða Norðlingaölduveitu. Sá sem reynir að horfa hundrað ár fram í tímann, með þeim takmörkunum sem okkur eru settar, hlýtur að efast um Norðlingaölduveitu sem mun, ef af verður, gjörbreyta ásýnd landsins í Þjórsárverum, og náttúrufari þar. Sem betur fer eru heimamenn á svæðinu, íbúar í Gnúpverjahreppi, framsýnt fólk sem ann sínum heimahögum og lætur sig málið varða.

Nú hef ég ekki komið í Þjórsárver, því miður, og það sjónarmið hefur stundum heyrst að þeir sem ekki hafi heimsótt náttúruperlur hafi ekki leyfi til að hafa skoðun á nýtingu þeirra. Það sjónarmið er þó á undanhaldi enda algjörlega út í hött. Þegar upp er staðið er það ekki einkamál Gnúpverja hvernig farið verður með Þjórsárver. Það er ekki einu sinni einkamál Íslendinga hvernig við umgöngumst náttúruna okkar. Smám saman hefur mannkynið verið að átta sig á því hve jörðin er lítil og hvernig mannanna verk hafa áhrif um allan hnöttinn. Þess vegna erum við öll samábyrg og getum ekki leyft okkur annað en að axla þá ábyrgð. Þess vegna getum við ekki afgreitt skoðanir erlendra gesta okkar á virkjanamálum með því að þeim sé nær að líta í eigin garð. Þeirra garður kemur okkur við alveg eins og okkar garður er þeirra mál.

Fjölmennur fundur í Norræna húsinu á laugardaginn samþykkti ályktun um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Á þeim fundi sagði ungur piltur m.a.: „Kannski fáum við betri hugmyndir" og mæltist þar með til að hann og hans kynslóð fengi tækifæri til að nýta og njóta náttúrunnar. Ungt fólk óskaði slíks hins sama fyrir fullu húsi á tónleikum í Laugardalshöllinni það sama kvöld. Slík tækifæri gefast ekki ef við höldum áfram að virkja af kappi frekar en forsjá eins og verið hefur. Stundum er engu líkara en að menn berjist um að virkja hér og þar, flýti sér allt hvað af tekur af því að þeir óttist að betri hugmyndir séu í sjónmáli. Og kannski er það þannig, kannski eru hugsjónamenn í vatnsvirkjunarmálum að missa af lestinni sinni. Náttúran er ekki einnota, við eigum hana ekki, komandi kynslóðir eiga sinn rétt og okkur ber að virða hann. Það gerum við ekki ef við tökum frá þeim tækifæri til að fá betri hugmyndir. Norðlingaölduveita virðist ekki sérlega góð hugmynd og það hlýtur að koma önnur betri innan tíðar.


NLP Námskeið
Neuro - Lingustic - Programming

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Langar þig í betri líðan?
- Finnst þér að fáir skilji þig?
- Er eitthvað í fari þínu sem að þú vilt vinna bug á?
- Finnst þér að öðrum gangi betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni sem þú byrjar á?
- Finnst þér erfitt að höndla gagnrýni?

Með NLP aðferðum getur þú auðveldlega breytt lífi þínu og skapað þína eigin framtíð.
NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu

NLP Námskeið verður haldið 30.janúar til 10.febrúar í Reykjavík.

Leiðbeinandi: Kári Eyþórsson MPNLP.
Upplýsingar í síma: 894-2992
Netfang: kari@ckari.com
Nánari upplýsingar um NLP má finna á: www.ckari.com





MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.






AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.05 | 13.35 | 16.06 |
| Akureyri | 11.13 | 13.20 | 15.27 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

heilsa o.fl.

**Svefn**
Nætursvefn barna
BLS. 3



tíska o.fl.

**Karlmannspils**
Vestrænt tabú
BLS. 5



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

*Góðan dag!*
**Í dag er þriðjudagurinn 10. janúar, 10. dagur ársins 2006.**

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Alma Dröfn Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir formenn Forma, samtaka átröskunarsjúklinga á Íslandi, hafa báðar glímt við átröskunarsjúkdóm. Nú miðla þær reynslu sinni og vonast eftir úrbótum í meðferðarkerfinu. Félagið hefur til sölu leðurarmbönd en ágóðinn af sölunni rennur í velferðarsjóð fyrir átröskunarsjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Átak gegn átröskun

***Forma, félag átröskunarsjúklinga á Íslandi, stendur fyrir átaksviku þar sem athygli er vakin á málefnum átröskunarsjúklinga á Íslandi.***

Átröskun er sögð annar erfiðasti geðsjúkdómurinn og telja aðstandendur Forma að ekki sé nógu vel staðið að forvarnar- og meðferðarmálum á Íslandi. Tíðni átröskunarsjúkdóma hefur aukist verulega síðustu ár. Edda Ýrr Einarsdóttir, annar formanna Forma, segir skort á meðferðarleiðum gera ástandið verra.

„Ég man þegar ég leitaði mér hjálpar að ég fékk að heyra það að ég væri ekki nógu grönn og ekki nógu létt til að fá hjálp,“ segir Edda. „Þegar átröskunarsjúklingur heyrir þessi orð vill hann grenna sig enn frekar. Það er sorglegt að sjúklingar þurfi að vera svo langt leiddir til að fá innlögn. Það eru svo mörg tilfelli sem hægt er að bjarga ef gripið er inn í nógu snemma.“

Í nóvember fór Edda ásamt Ölmu Dröfn Geirdal, hinum formanni Formu, til Kaupmannahafnar og kynntu sér meðferðarstarfsemina sem þar fer fram. Edda segir það skammarlegt hversu langt Ísland er á eftir í meðferðaúrræðum fyrir einstaklinga með átröskun. „Það eru til nóg af kerfum sem miða að því að hjálpa fólki með átröskun og það er ekkert því fyrirstöðu að halda slíkum kerfum uppi hér,“ segir Edda. „Starfsfólk innan heilbrigðisgeirans hér á landi vinnur við erfiðar aðstæður þar sem meðal annars er skortur á fjármagni.“

Í gær fundaði Forma með þeim fagaðilum sem starfa á þessu sviði á Íslandi og Edda og Alma Dröfn stóðu fyrir fræðslu varðandi mál átröskunarsjúklinga. Einnig hefur verið stofnaður velferðarsjóður sem meðal annars veitir átröskunarsjúklingum fjárstyrk til að sækja sér meðferð erlendis. „Við seljum bæði boli og leðurarmbönd með lógóinu okkar og ágóðinn af þeirri sölu rennur í velferðasjóðinn,“ segir Edda. Einnig hefur Forma haldið námskeið fyrir aðstandendur og vonar Edda að út frá þeim námskeiðum þróist sjálfshjálparhópar fyrir þá sem eiga ástvini sem glíma við þennan sjúkdóm.

Forma ætlar þessa vikuna að vekja athygli á málefnum átröskunarsjúklinga með það að markmiði að fræða fólk um sjúkdóminn og vekja bæði fagaðila og almenning til umhugsunar. „Það virðist vera ákveðin hræðsla gagnvart þessum sjúkdómi,“ segir Edda. „Þetta er alvarlegur sjúkdómur, fólk verður að vakna og taka á þessu.“

**johannas@frettabladid.is**

# Heitar nærfataauglýsingar

TÍSKURISINN CALVIN KLEIN ÆTLAR AÐ RÁÐAST Í RÁNDÝRA OG AFAR DJARFA AUGLÝSINGAHERFERÐ FYRIR NÝJA UNDIRFATALÍNU SÍNA.

Hér á árum áður þegar Kate Moss var aðalundirfatafyrirsæta Calvins Klein voru auglýsingar fyrirtækisins þekktar fyrir hversu djarfar þær voru og kynþokkafullar. Seinast skartaði auglýsing frá Calvin Klein pari árið 1994 er Michael Begin sást í afar kynæsandi stellingum með sjálfri Kate Moss.

Nú hefur þessi undirfatarisi ákveðið að endurvekja þessa hefð og gerst beinskeyttari í auglýsingum sínum. Að þessu sinni fékk fyrirtækið til liðs við sig sænska knattspyrnumanninn Freddie Ljungberg og rússnesku ofurfyrirsætuna Nataliu Vodianovu. Herferðin kostar nokkur hundruð milljónir íslenskra króna og fyrsta auglýsingin mun birtast á risaskjá Times-torgsins á Manhattan. Aðrir ættu að geta fengið að sjá þessar væntanlega umtöluðu auglýsingar í ýmsum tískublöðum í febrúar og mars.



Rússneska þokkagyðjan Natalia Vodianova mun brátt sjást afar fáklædd ásamt knattspyrnukappanum Freddie Ljungberg í undirfataauglýsingum Calvins Klein.

## LIGGUR Í LOFTI

[HEILSA]



**Lystadúnn** í Mörkinni býður viðskiptavinum sínum upp á leiðsögn við val á réttri dýnu í verslun sinni. Góður svefn stuðlar að bættri heilsu og rétt val á dýnu kemur í veg fyrir bakverki og vöðvabólgu. Kristín Gísladóttir er í Lystadúni alla fimmtudaga milli 16 og 18 þar sem hún aðstoðar fólk við að finna þá dýnu sem hentar þeim best.

**London** Fashion Bus var verkefni sem Laden Showroom fór af stað með árið 2003. Markmiðið var að selja tískuföt úr bílum en verkefninu var hætt eftir rúmt ár. Nú er því spáð að fatasölur á hjólum verði það heitasta á þessu ári. Sendiferðabílabúðir, ef svo má kalla, finnast nú víða í New York og hafa fengið góð viðbrögð.

**Geðhjálp** stendur fyrir námskeiði í samstarfi við Rauða kross Íslands og Landlæknisembættið 13. og 14. janúar næstkomandi á Akureyri. Námskeiðið er ætlað fólki með geðraskanir, aðstandendum fólks með geðraskanir og öllu áhugafólki um geðsjúkdóma og geðheilsu. Þátttaka er ókeypis og öllum opin.

**Heilbrigðismálaráðherra** hefur gert samning við fjórar heilbrigðisstofnanir um tæplega sex hundruð svokallaðar biðlistaaðgerðir á árinu. Samningurinn er gerður til að stytta biðtíma sjúklinga eftir tilteknum læknisaðgerðum og stofnanirnar sem í hlut eiga eru Landspítali-háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, St. Jósefsspítali í Hafnarfirði og Heilbrigðisstofnunin Akranesi.







**Ávextir** eru ekki aðeins bragðgóðir heldur líka mjög hollir. Það er mjög sniðugt að gera það að venju að borða einhverja ávexti með eða eftir allar máltíðir.




















Börn mæðra sem taka D-vítamín á meðgöngu eru síður líkleg til að fá beinþynningu.

## D-vítamín á meðgöngu

Bresk rannsókn hefur sýnt fram á að ef mæður taka inn D-vítamín á meðgöngu, getur það dregið úr líkunum á því að barnið fái beinþynningu síðar á ævinni. Starfsfólk á sjúkrahúsi í Southampton í Suður-Bretlandi rannsakaði nærri 200 börn sem fæddust árin 1991 og 1992, og fylgdist með stærð þeirra og beinaþykkt fram til níu ára aldurs. Niðurstöðurnar sýndu að ef mæður þjáðust af D-vítamín skorti á meðgöngu, þá voru meiri líkur á því að börn þeirra hefðu veikari bein en ella.

D-vítamín skortur er algengur hjá konum á barneignaraldri, en þær verðandi mæður sem tóku D-vítamín eða voru meira í sól en flestir Bretar eru, voru líklegri til þess að hafa nægt D-vítamín í líkama sínum. „Rannsóknin sýnir að magn D-vítamíns í líkama móðurinnar á meðgöngu hefur áhrif á beinvöxt barnsins,“ segir Cyrus Cooper, sem stóð að rannsókninni ásamt fleirum. D-vítamín er meðal annars að finna í geri, lýsi, og lárperum.



Fuglaflensa var helsta heilbrigðismál ársins 2005 samkvæmt skoðanakönnun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

# Fuglaflensan helsta heilbrigðisvandamálið

***Alþjóðaheilbrigðisstofnunin birti á dögunum lista yfir tíu helstu heilbrigðismál heimsins árið 2005, sem og tíu mest vanræktu heilbrigðisvandamálin. Flest eru þetta sömu málin.***

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin fékk fólk í 20 löndum til að svara spurningum um hver hefðu verið helstu heilbrigðismál heimsins á árinu sem var að líða, sem og hver þau vandamál væru sem hefðu helst verið vanrækt.

Athygli vekur að einu málin sem ekki eru á báðum listunum eru hamfarir/neyðarástand, sem er eingöngu á lista yfir helstu mál ársins, og ofbeldi, sem er eingöngu á listanum yfir vanrækt vandamál.

Jafnframt var það áhugavert að fólk var yfirleitt á sama máli um helstu málin, hvort sem það kom frá Kína, Nígeríu eða Bandaríkjunum.

Helstu heilbrigðismál ársins 2005 samkvæmt skoðanakönnun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar:

1. Fuglaflensa.
2. HIV/Alnæmi.
3. Tóbak.
4. Ólæknandi sjúkdómar, svo sem krabbamein, sykursýki og hjartasjúkdómar.
5. Umhverfistengd heilbrigðisvandamál.
6. Fátækt.
7. Hamfarir/neyðarástand.
8. Malaría.
9. Vannæring.
10. Ójafn aðgangur fólks að heilbrigðisþjónustu.

Tíu mest vanræktu heilbrigðisvandamál ársins 2005 samkvæmt skoðanakönnun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar:

1. Tóbak.
2. HIV/Alnæmi.
3. Umhverfistengd heilbrigðisvandamál.
4. Ólæknandi sjúkdómar, svo sem krabbamein, sykursýki og hjartasjúkdómar.
5. Fátækt.
6. Fuglaflensa.
7. Malaría.
8. Ofbeldi.
9. Vannæring.
10. Ójafn aðgangur fólks að heilbrigðisþjónustu.


















Margir fara af stað í janúar með námskeið sem hjálpa reykingamönnum að losa sig við fíknina.

# Dreptu í rettunni

***Lýðheilsustöð hefur um nokkurt skeið styrkt starfsemi Reyklausa símans. Fólkið sem svarar þegar þangað er hringt veitir þeim ráðgjöf sem vilja drepa í rettunni fyrir fullt og allt.***

Fyrstu tvær vikurnar í janúar verður opnunartími Reyklausa símans lengdur. Á virkum dögum verður síminn opinn frá fimm á daginn til klukkan níu á kvöldin. Símaþjónustan er ókeypis og ráðgjöfina veita hjúkrunarfræðingar sem hafa langa reynslu af því að aðstoða fólk sem vill hætta tóbaksnotkun og halda reykleysið út. Hjúkrunarfræðingarnir veita persónulega ráðgjöf sem byggð er á reykingavenjum hvers og eins. Einnig er boðið upp á eftirfylgni og stuðning. Reyklausi síminn er 800 6030.

Fleiri aðilar eru með námskeið og fræðslu fyrir þá sem vilja hætta að reykja þar á meðal er Krabbameinsfélagið en næsta námskeið um reykbindindi á þess vegum verður 12. janúar.

Guðjón Bergmann, sem skrifað hefur bók um hvernig losna eigi við tóbakið, heldur einnig námskeið um reykbindindi í byrjun janúar og má finna nánari upplýsingar um þau á www.vertureyklaus.is. Góð heilsa verður aldrei metin til fjár.

**Kostnaður við reykingar**
**Miðað við pakka á dag**

| | |
|---|---|
| Daglega | 580 krónur |
| Á viku | 4.060 krónur |
| Á mánuði | 17.400 krónur |
| Á ári | 211.700 krónur |

# Tilfellum fjölgar

***Ný bandarísk skýrsla hefur leitt í ljós að fleiri börn fæðast með Down's heilkenni í Bandaríkjunum en áður hefur verið talið.***

Down´s-heilkenni er algengara í Bandaríkjunum en talið hefur verið hingað til. Nýjustu rannsóknir leiða í ljós að eitt barn af hverjum 733 sem fæðast eru með Down´s-heilkenni, en áður var talið að eitt barn af hverjum 800 til 1000 börnum fæddust með heilkennið. Down´s heilkenni er erfðagalli sem stafar af því að aukalitningur er í frumum líkamans.

Líkur eru taldar á að eftir því sem mæður eru eldri er líklegra að börn þeirra fæðist með gallann. Sú þróun hefur orðið í Bandaríkjunum og víðar að konur hefji barneignir síðar á ævinni og geti það líklega skýrt tíðnina. ■



Meiri líkur eru nú á að börn fæðist með Down's heilkenni því konur eru eldri þegar þær eignast börn sín en áður var.


## Ný líkamsrækt fyrir konur
## Betri heilsa á 30 mínútum



**Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur**
Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að grennast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves
The power to amaze yourself.

Fyrir allar konur

**Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu.**

**50% afsláttur**
af þjónustugjaldi

Curves, Bæjarlind 12, sími 566 6161 *curves@simnet.is*






**Námskeiðið samanstendur af fræðslu og sýnikennslu**
Þar kynnum við og kennum:
- að útbúa fljótlega, gómsæta og næringarríka rétti með heilsusamlegum matreiðsluaðferðum
- sykurlausa eftirrétti
- árangursríka leið til að breyta mataræðinu
- fjölbreyttar hugmyndir að morgunmat, nesti, hádegismat, millimálasnakki og kvöldmat
- græna orkusjeika
- að kaupa inn

Stór uppskriftamappa fylgir ásamt heilli máltíð og nesti.

**Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 18.30-23.00**
**Námskeiðsdagar: 17. janúar, 24. janúar og 31. janúar**
**Verð 5.900 kr.**
**Kennari er Sólveig Eiríksdóttir**
**Skráning í síma 821 4608 eða á solla@himneskt.is**




**Námskeiðið samanstendur af fræðslu og sýnikennslu**
Þar kynnum við og kennum:
- muninn á lifandi fæði og hráfæði
- frábærar aðferðir við að auka hráfæði á matseðlinum
- að útbúa einfalda, fljótlega, holla og bragðgóða hráfæðisrétti
- himneska eftirrétti
- fjölbreyttar hugmyndir að morgunmat, nesti, hádegismat, millimálasnakki, kvöldmat og orkusjeikum

Uppskriftamappa fylgir ásamt heilli máltíð og nesti.
Þetta námskeið hentar öllum með áhuga á hráfæði og er einnig frábært framhald fyrir þá sem hafa verið á grænmetisnámskeiði.

**Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 18.50-23.00**
**Námskeiðsdagar: 23. janúar og 30. janúar**
**Verð 5.900 kr. (4.900 kr. fyrir þá sem hafa verið áður)**
**Kennari er Sólveig Eiríksdóttir**
**Skráning í síma 821 4608 eða á solla@himneskt.is**

HIMNESK HOLLUSTA

Himnesk hollusta | Sundaborg 5 | 104 Reykjavík | Sími 554 7273 | Fax 554 7374 | www.himneskt.is

# Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

***Þann 1. janúar síðastliðinn sameinaðist öll heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu í eina heilsugæslu sem ber heitið Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.***

Innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verða heilsugæslan í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi, Heilsuverndarstöðin og Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík. Auk þeirra fimmtán heilsugæslustöðva sem fyrir eru á svæðinu verða tvær nýjar opnaðar í janúar, önnur í Reykjavík og hin í Hafnarfirði. Að öðru leyti verða engar breytingar á þjónustu heilsugæslustöðvanna við sameininguna.



Heilsuverndarstöðin í Reykjavík sameinast heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Mikilvægt er að börn fái nægan nætursvefn til þess að þau haldi góðri einbeitingu í skóla.

# Góður svefn er gulls ígildi

***Ný rannsókn sýnir fram á mikilvægi þess að börn fái nægan nætursvefn. Skortur á svefni getur leitt til einbeitingarskorts og slæms gengis í námi.***

Sálfræðingurinn Gahan Fallone vann nýlega rannsókn um tengsl svefns barna og árangurs í skóla. Niðurstöðurnar sýna að vilji foreldrar hjálpa börnum sínum að ganga vel í námi ættu þeir að einbeita sér að því að unglingurinn fái nægan svefn.

Unglingar sem stóðu sig vel í námi og hlutu nægan svefn voru fengnir til að taka þátt í rannsókninni. Unglingarnir voru svo vaktir þegar einn til einn og hálfan tíma vantaði upp á að svefninn næði eðlilegum uppgefnum svefnstaðli, sem er átta og hálfur tími.

Niðurstöðurnar sýndu að þeir krakkar sem ekki fengu nægan svefn fóru að eiga erfitt með einbeitingu í skólanum, og lentu þar af leiðandi í erfiðleikum með námið, sem ekki hafði gerst áður þegar unglingurinn fékk nægan svefn. Nóg var að unglingurinn svæfi einni klukkustund minna en vanalega til að þetta gerðist.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna einnig fram á mikilvægi þess að börn sem eru greind með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD) fái nægan svefn þar sem einkenni einbeitingarleysisins geta aukist til muna séu börnin illa sofin.

Miðað er við að börn yngri en tólf ára þurfi upp undir tíu klukkustunda svefn. Börn eldri en tólf ára þurfa að meðaltali um átta og hálfs tíma svefn en margir þurfa lengri svefn. ■

# Hækkun elli- og örorkulífeyris

***Elli- og örorkulífeyrir hækkaði um áramótin.***

Nú um áramótin hækkaði elli- og örorkulífeyrir um fjögur prósent. Eftir hækkunina er elli- og örorkulífeyrir 22.873 krónur á mánuði. Komugjöld heilsugæslustöðva eru enn þau sömu og fyrir áramót en einingarverð sérfræðinga hækkaði lítillega. Á heimasíðu Tryggingastofnunnar má fá allar upplýsingar um örorkubætur, aldurstengda örorkuuppbót og kostnað við læknisþjónustu og heilsugæslu. ■




Elli- og örorkubætur hafa hækkað um fjögur prósent.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR



Síðastliðin tíu ár hefur áfengisauglýsingum fjölgað nokkuð í íslenskum fjölmiðlum. Ný bandarísk rannsókn sýnir fram á fylgni unglingadrykkju við fjölda auglýsinga.

# Áfengisauglýsingar auka neyslu

***Samkvæmt bandarískri langtímarannsókn eru bein tengsl á milli drykkju ungs fólks og fjölda auglýsinga um áfengi.***

Þetta eru þriðju Réttarhöldin sem fræðsludeild Þjóðleikhússins stendur fyrir í vetur, en þau eru haldin einu sinni í mánuði í gamla hæstaréttarsalnum. Þar eru tekin fyrir ýmis málefni sem varða samfélag og listir í tengslum við sýningar Þjóðleikhússins.



**MAKKI HNÍFUR** Ólafur Egill Ólafsson í hlutverki sínu í Túskildingsóperunni.

Fyrri Réttarhöld vetursins voru haldin í tengslum við sýningar leikhússins á Frelsi eftir Hrund Ólafsdóttur og Halldóri í Hollywood eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Réttarhöldin eru í samstarfi við Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Aðgangur að Réttarhöldunum er ókeypis og öllum opinn.

Þjóðleikhúsið hefur fengið hið gamla hús Hæstaréttar til afnota og hyggst nota þessi húsakynni á margvíslegan hátt. ■

# Ampop í tónleikaferð

Hljómsveitin Ampop er á leið í stutta tónleikaferð út fyrir landsteinana. Fyrstu tónleikarnir verða haldnir í Glasgow þann þrettánda janúar. Kvöldið eftir verður sveitin í Edinborg og því næst heldur hún tvenna tónleika í London.

Ampop spilar hér heima í Þjóðleikhúskjallaranum þann 19. janúar en 3. febrúar er ferðinni síðan heitið til Parísar þar sem sveitinn mun troða upp á staðnum Le Triptyque. Ampop er að fylgja eftir sinni nýjustu plötu sem heitir My Delusions. ■



**AMPOP** Hljómsveitin Ampop verður upptekin við tónleikahald á næstunni.



**BEYONCE KNOWLES** Söngkonan vinsæla er upptekin við kvikmyndaleik um þessar mundir.

# Sólóferillinn bíður enn

Söngkonan Beyonce Knowles ætlar að einbeita sér að kvikmyndaleik á næstu mánuðum og fyrir vikið þarf sólóferill að sitja á hakanum.

Beyonce, sem leikur í myndinni Dreamgirls, vonast til að hefja upptökur á nýrri plötu næsta haust. „Ég ætla ekki að semja lög á nýja plötu fyrr en ég klára myndina,“ sagði Beyonce. „Ég hef aldrei verið jafnspennt fyrir nokkurri mynd alla mína ævi. Ég vil leggja mig alla fram í hana vegna þess að ég veit að ég er fædd í þetta hlutverk.“

Síðasta plata Beyonce, Dangerously in Love, kom út árið 2003 og seldist í rúmlega 4,2 milljónum eintaka í Bandaríkjunum. Gamla hljómsveitin hennar, Destiny´s Child, hætti fyrir nokkru, en Beyonce segir það ekkert útilokað að þær stöllur komi saman á ný. „Við höfum aldrei sagt að við munum aldrei koma aftur fram saman,“ sagði hún.

Kelly Rowland úr Destiny´s Child er einnig að undirbúa sína aðra sólóplötu sem á að koma út í sumar. Á meðal þeirra sem aðstoða hana á plötunni er Solange, sem er systir Beyonce, og Michelle Williams sem einnig var í Destiny´s Child. ■

## LEIÐRÉTTING

Vegna sýningar hljómsveitarinnar Hellvars í listarýminu Suðsuðvestur í Keflavík, sem lauk á föstudag, ber að taka það fram að rýmið var ekki leigt til Hellvars eins og kom fram í Fréttablaðinu á fimmtudag, heldur var sveitinni boðið að sýna þar. Rýmið er rekið í sjálfboðavinnu og eru þeir listamenn sem þar koma fram ekki krafnir um greiðslu.









**ÁLFABAKKI**

RUMOR HAS IT KL. 3.50-6-8.10-10.20
DOMINO KL. 5.30-8.10-10.45
CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8-11
CRONICLES OF NARNIA VIP KL. 5-8-11
KING KONG KL. 6-8-10 B.I. 12
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 5 B.I. 10
LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 4

**KEFLAVÍK**

CRONICLES OF NARNIA KL. 7.45
JUST LIKE HEAVEN KL. 8
SAW 2 KL. 10.30 B.I. 16
GREEN STREET HOOLIGANS KL. 10 B.I. 16

**AKUREYRI**

RUMOR HAS IT KL. 6-8-10.30
CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8
KING KONG B.I. 12 KL. 10

**KRINGLAN**

DOMINO KL. 8-10.50 B.I. 16
CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8-10.30
KING KONG KL. 9 B.I. 12
JUST LIKE HEAVEN KL. 6
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6 B.I. 10

**HÁSKÓLABÍÓ**

DOMINO KL. 5.30-8-10.40 B.I. 16
RUMOR HAS IT KL. 6-8-10.05
CRONICLES OF NARNIA KL. 5.15-8-10.45
KING KONG KL. 5.30-9 B.I. 12
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-9 B.I. 10

SAMBÍÓIN
Háskólabíó


# Björk sérvitrasta stjarnan

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir hefur verið kjörin sérvitrasta stjarna heimsins í könnun sem breska tímaritið Homes and Antiques stóð fyrir.

Á eftir Björk á listanum lentu meðal annars hnefaleikakappinn Chris Eubank, rokkarinn Ozzy Osbourne og tískuhönnuðurinn Vivienne Westwood. Í tímaritinu er Björk sögð klæða sig undarlega auk þess sem hún geri frábæra en skrítna tónlist. „Flestir af þeim sem komust á topp 20 listann hjá okkur eru óhefðbundnir á einhvern hátt og suma er ekki hægt annað en að elska,“ sagði Bernie Herlihy, ritstjóri tímaritsins. Björk fékk mikinn fjölda atkvæða fyrir að klæðast svanakjólnum fræga við afhendingu óskarsverðlaunanna árið 2001.

Í umfjöllun á heimasíðu BBC um niðurstöður könnunarinnar kemur fram að Björk sé einnig alræmd fyrir að hafa ráðist á blaðamann á flugvellinum í Bangkok fyrir að reyna að taka viðtal við son hennar.

Á lista yfir 20 sérvitrustu stjörnurnar komust einnig sjónhverfingamaðurinn og vinur Michaels Jackson, Uri Geller, svo og Sir Elton John og Johnnny Rotten, sem var söngvari Sex Pistols. ■



**Í SVANAKJÓLNUM** Björk Guðmundsdóttir vakti mikla athygli er hún mætti í svanakjól á óskarsverðlaunahátíðina.

**TÍU SÉRVITRUSTU STJÖRNURNAR**

1. Björk
2. Chris Eubank
3. David Icke
4. Tom Baker
5. Ozzy Osbourne
6. John McCririck
7. Sir Patrick Moore
8. Vivienne Westwood
9. Sir Jimmy Savile
10. Uri Geller

# Dýralæknir höfðar mál gegn Jackson

Dýralæknirinn Martin Dinners sem hefur haft umsjón með dýrum á búgarði Michaels Jackson, Neverland, hefur höfðað mál gegn popparanum vegna vangoldinna launa.

Jackson, sem býr um þessar mundir í furstaríkinu Bahrain við Persaflóa, hefur ekki búið á búgarðinum síðan hann var sýknaður af ákærum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í júní á síðasta ári.

Að sögn Dinners skuldar Jackson honum tæpar 5,5 milljónir króna. Dinners útvegaði Jackson á sínum tíma dýr fyrir dýragarð hans, þar á meðal voru flamingóar, gíraffar, fílar og órangútan. Þrátt fyrir málshöfðunina hefur læknirinn haldið áfram að sjá um dýrin. „Hann höfðaði þetta mál af illri nauðsyn,“ sagði lögmaður Dinners. „Hann ber mikla virðingu fyrir Michael. Þetta snýst aðeins um viðskipti.“ Réttað verður í málinu 2. maí næstkomandi. ■



**MICHAEL JACKSON** Höfðað hefur verið enn eitt málið gegn Jackson, sem eitt sinn kallaði sig konung poppsins.




Jazzballett Freestyle

Skemmtilegu jazzballett og freestyle námskeiðin okkar hafa aldrei verið vinsælli.

Nú skráum við í:

- 5-7 ára
- 8-10 ára
- 11-13 ára
- 14-16 ára
- 17 ára og eldri

Dansstúdíó Sólveigar
Dugguvogi 12
- dansandi í 10 ár

Innritun í síma 553-0786 eftir kl. 14.00





ÚTSALA ÚTSALA

60 – 80 % AFSLÁTTUR

Tveir fyrir einn tilboð á kr. 990.-

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Rúllukragapeysa | 6.000.- | 1.900.- |
| Marglit peysa | 7.200.- | 1.900.- |
| Jakkapeysa | 6.200.- | 2.900.- |
| Dömubolur | 3.200.- | 1.000.- |
| Flís-jakkapeysa | 5.300.- | 1.900.- |
| Dömuskyrta | 4.900.- | 1.900.- |
| Ullarblazer | 6.600.- | 1.900.- |
| Gallajakki | 5.300.- | 1.900.- |
| Úlpa m/hettu og skinni | 5.800.- | 1.900.- |
| Mokkajakki | 10.800.- | 2.900.- |
| Kjóll m/perlum | 7.300.- | 1.900.- |
| Gallapils | 4.800.- | 1.900.- |
| Teinóttar buxur | 3.600.- | 1.000.- |
| Kvartbuxur | 4.700.- | 1.500.- |
| Gallabuxur | 5.400.- | 1.900.- |
| Silfur sandalar | 5.400.- | 1.500.- |

Tveir fyrir einn tilboð á kr. 500,-

Opið frá 10:00 – 18:00

friendtex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870



## Jónatan íþróttamaður KA

Handknattleikskappinn Jónatan Magnússon hefur verið útnefndur íþróttamaður KA árið 2005. Júdókappinn Bergþór Steinn Jónasson varð annar og knattspyrnukappinn Pálmi Rafn Pálmason þriðji.

**sport**

sport@frettabladid.is

FUNDUR UM BYGGINGU KNATTSPYRNUHÚSS Í EYJUM: EYJAMENN EKKI SÁTTIR VIÐ AÐSTÖÐUNA

# *Vetraraðstaðan í Eyjum er ekki boðleg*

Á mánudagskvöld var haldinn fundur í Höllinni í Vestmannaeyjum þar sem ræddar voru hugmyndir um byggingu knattspyrnuhúss í bænum. Samkvæmt Páli Scheving, framkvæmdastjóra ÍBV, hafa menn þar á bæ nokkuð verið að velta þeirri spurningu fyrir sér hvort þetta sé raunhæfur möguleiki. „Við í ÍBV höfum verið að þrýsta á það að vetraraðstaðan hérna verði bætt. Eins og menn vita þá erum við, að ég held, eina úrvalsdeildarfélagið sem hefur ekki aðgang að gervigrasi til æfinga. Við sendum inn tillögu til menningar- og tómstundaráðs hér í bænum sem vísaði henni beint til bæjarráðs. Við leggjum til í þessari tillögu okkar að fara út í byggingu á sams konar húsi og FH byggði hér á dögunum. Bæjarstjórnin hefur nú kannað þennan möguleika varðandi byggingarkostnað og annað. Mun hún taka þetta mál fyrir þann 26. janúar næstkomandi. Við vorum síðan með þennan fund í gærkvöldi þar sem við kynntum þennan möguleika fyrir félagsmönnum og bæjarbúum frá okkar sjónarhóli. Að sögn Páls hefur aðalstjórn ÍBV samþykkt að hafa aðkomu að verkefninu. „Við erum reiðubúin að hafa umsjón með rekstri hússins og taka þátt í greiðslu að einhverju leyti.“ Spurður hvernig þessi hús séu varin fyrir veðri og vindum segir Páll að menn hafi einmitt hugsað um það þegar ákveðið var að leggja tillöguna fram. „Það er auðvitað töluvert vindasamara hérna en uppi á landi en við lögðum til að húsið yrði byggt hér vestan megin við Týsheimilið þar sem það væri nokkuð vel varið fyrir ágangi veðurs. Það hefur lengi vantað almennilega vetraraðstöðu hér í Eyjum og vonum við að með tilkomu knattspyrnuhúss batni hún til mikilla muna. Þetta er eiginlega spurning um hvort menn vilji halda áfram að hafa hér knattspyrnulið sem er samkeppnishæft við hin liðin í deildinni. Okkar skoðun er sú að svo eigi að vera“ sagði Páll að lokum.



## > Sneri sig lítillega á ökkla

Sigfús Sigurðsson, línumaður íslenska landsliðsins í handbolta, sneri sig á ökkla í annað sinn á tveimur dögum í gær. Að sögn Sigfúsar eru meiðslin ekki alvarleg.

„Ég var með ökklahlíf þegar þetta gerðist. Hún bjargaði heilmiklu. Ég þarf líklega að hvíla í einhverja þrjá til fjóra daga. Síðan kemst maður vonandi á fullt. Við gefumst ekkert upp þótt á móti blási,“ sagði Sigfús sem er harðákveðinn í að standa sig með landsliðinu í Sviss.



# Garcia er klár í slaginn

**Brynjólfur Jónsson, læknir landsliðsins í handknattleik, úrskurðaði að Jaliesky Garcia væri nógu heill heilsu til þess að byrja að æfa. Garcia fer því með á EM.**

**HANDBOLTI** Jaliesky Garcia fór í gærmorgun í skoðun hjá Brynjólfi Jónssyni, lækni íslenska landsliðsins í handknattleik, en hann var dæmdur óleikhæfur af félagi sínu, Göppingen, á dögunum eftir að hann gekkst undir uppskurð á tá skömmu fyrir jól. Brynjólfur er ekki á sama máli og læknar Göppingen og segir Garcia hæfan til þess að byrja að æfa og þar af leiðandi hæfan til að spila á EM.

„Hann má byrja að æfa strax með okkur,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari en Garcia tekur þó ekki fullan þátt í æfingum landsliðsins strax þar sem hann er enn skráður meiddur í bókum Göppingen og því þarf að breyta, meðal annars vegna tryggingamála. „Hann hefur verið að hjóla og mun halda því áfram. Hann kemur með til Noregs en mun ekki spila þar. Svo er bara spurning hvað hann getur beitt sér mikið til að byrja með.“

Eftir því sem Brynjólfur læknir segir á Garcia að vera í ágætu ástandi þegar EM byrjar og þangað mun hann fara með íslenska landsliðinu að því gefnu að ekkert óvænt komi upp á.

„Þetta eru stórgóðar fréttir enda höfum við ekki fengið mikið af góðum fréttum síðustu vikur. Þetta er sú staða sem maður var helst að óska sér og flott að fá góðar fréttir,“ sagði Viggó.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, setti sig strax í samband við Göppingen í gær og hans kraftar næstu daga munu fara í að ganga frá öllum formsatriðum við félagið svo Garcia geti byrjað að æfa af fullum krafti. Samskiptin við það ágæta félag hafa ekki alltaf verið eins og best verður á kosið og því þarf þessari leiðindasögu ekki endilega að vera lokið.

henry@frettabladid.is



**KOMINN HEIM OG KLÁR Í SLAGINN** Jaliesky Garcia Padron er í betra standi en félag hans, Göppingen, hélt fram og læknir íslenska landsliðsins hefur gefið grænt ljós á að hann fari að æfa með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**CARSON PALMER** Kastaði 66 metra í sínu fyrsta kasti og sleit liðbönd í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ameríski fótboltinn:

## Spútniklið Bengals úr leik

**NFL** Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hófst um helgina með svokölluðum „Wild-Card“ leikjum. Stærsti leikur helgarinnar var viðureign Cincinnati Bengals og Pittsburgh Steelers. Gestirnir frá Pittsburgh sigruðu örugglega, 31-17, en Bengals missti leikstjórnanda sinn, Carson Palmer, af velli strax í fyrsta kerfi með slitin liðbönd. Stellers mætir Indianapolis um næstu helgi.

Meistarar New England Patriots heimsækja síðan Denver en Patriots var í fantaformi um helgina og slátraði Jacksonville, 28-3. Seattle tekur á móti heitu liði Washington sem vann góðan sigur gegn Tampa Bay um helgina, 17-10, Að lokum verður áhugaverð viðureign á Soldier Field þar sem Chicago Bears tekur á móti Carolina sem lagði NY Giants með stæl um helgina, 23-0, í New York.

- hbg

Martina Hingis:

## Steinlá fyrir Henin-Hardenne

**TENNIS** Svissneska tennisdrottningin Martina Hingis komst rækilega niður á jörðina um helgina þegar hún steinlá í tveim settum gegn Justine Henin-Hardenne á alþjóðamótinu í Sydney sem er síðasta upphitunarmótið fyrir opna ástralska mótið. - hbg

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**JANÚAR**

7 8 9 **10** 11 12 13

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Höttur** og **Keflavík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- 18.30 **Bestu bikarmörkin** á Sýn.
- 19.30 **Enski deildabikarinn** á Sýn.
- 21.40 **Ensku bikarmörkin** á Sýn.
- 22.40 **Enski deildabikarinn** á Sýn.



**MÆTAST Á NÝ Í BIKARNUM** Sol Campbell og El-Hadji Diouf munu berjast í enska bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska bikarkeppnin:

## Bolton tekur á móti Arsenal

**FÓTBOLTI** Dregið var í 32-liða úrslit ensku bikarkeppninnar í gær. Stórleikur umferðarinnar er viðureign Bolton og Arsenal á Reebok-vellinum. Millwall eða Everton mætir Chelsea og Burton mætir Wolves takist liðinu að leggja Man. Utd að velli á Old Trafford. Leikið verður 28. og 29. janúar.

**DRÁTTURINN:**

**CHELTENHAM/CHESTER-NEWCASTLE**
STOKE/TAMWORTH-BARNSLEY/WALSALL
**COVENTRY-NUNEATON/MIDDLESBROUGH**
WBA/READING-TORQUAY/BIRMINGHAM
**PORTSMOUTH-LIVERPOOL**
LEICESTER-SOUTHAMPTON
**BOLTON-ARSENAL**
ASTON VILLA-PORT VALE
**BRENTFORD-SUNDERLAND**
MAN. CITY-WIGAN/LEEDS
**MILWALL/EVERTON-CHESLEA**
PRESTON-CRYSTAL PALACE
**WEST HAM-BLACKBURN**
COLCHESTER-DERBY
**CHARLTON-LEYTON ORIENT**
WOLVES-BURTON/MAN. UTD



**BODE MILLER** Partíljón sem skíðar undir áhrifum áfengis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Skíðakappinn Bode Miller:

## Á hálum ís

**SKÍÐI** Eins og búast mátti við er allt vitlaust í skíðaheiminum eftir að viðtal við besta skíðamann heims í dag, Bandaríkjamanninn Bode Miller, var sent út í þættinum 60 mínútur í gær. Þar játaði glaumgosinn Miller að hafa tekið þátt í mótum í misjöfnu ástandi og vildi ekki taka fyrir að skíða fullur í framtíðinni.

„Skíðasamband Bandaríkjanna verður að taka á þessu máli,“ sagði Sarah Lewis, framkvæmdastjóri Alþjóða skíðasambandsins. „Við erum búin að ræða við Bandaríkjamennina en það er spurning hvort þessi ummæli Millers séu góð fyrir ímynd íþróttarinnar og bandaríska skíðalandsliðsins.“

- hbg

Stjörnuleikur KKÍ verður leikinn þann 14. janúar:

# Leikmenn valdir af íþróttafréttamönnum og þjálfurum liðanna

**KÖRFUBOLTI** Hinn árlegi stjörnuleikur Körfuknattleikssambands Íslands verður haldinn 14. janúar næstkomandi í DHL-höllinni. Íþróttafréttamenn völdu byrjunarlið liðanna auk tveggja varamanna. þjálfarar liðanna völdu síðan þá leikmenn sem uppá vantaði.

Íþróttafréttamenn völdu eftirtalda leikmenn í íslenska liðið: Friðrik Stefánsson, Njarðvík, Páll Axel Vilbergsson, Grindavík, Brenton Birmingham, Njarðvík, Magnús Þór Gunnarsson, Keflavík, Brynjar Þór Björnsson, KR, Ingvaldur Magni Hafsteinsson, Snæfell, Fannar Ólafsson, KR.



**BÁÐIR Í STJÖRNULIÐINU** KR-ingurinn Omari Westley og Fjölnismaðurinn Nemanja Sovic verða báðir í eldlínunni þegar hinn árlegi stjörnuleikur KKÍ fer fram enda tveir af bestu leikmönnum deildarinnar hér á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Einar Árni Jóhannsson þjálfari íslenska liðsins valdi síðan sjö leikmenn til viðbótar.

Þeir eru Egill Jónasson, Njarðvík, Jóhann Árni Ólafsson, Njarðvík, Steinar Kaldal, KR, Arnar Freyr Jónsson, Keflavík, Jón Nordal Hafsteinsson, Keflavík, Þorleifur Ólafsson, Grindavík og Hörður Axel Vilhjálmsson, Fjölni.

Lið erlendra leikmanna er þannig valið af íþróttafréttamönnum: Omari Westley, KR, AJ Moye, Keflavík, George Byrd, Skallagrímur, Jeb Ivey, Njarðvík, Jeremiah Johnson, Grindavík, Nemanja Sovic, Fjölnir og Nate Brown, Snæfell.

Herbert Arnarsson þjálfari erlenda liðsins valdi síðan þá Theo Dixon, ÍR, Jovan Zdravevski, Skallagrímur, Igor Beljanski, Snæfell, Clifton Cook, Hamar/Selfoss og Mario Myles, Þór Akureyri. Leikurinn hefst klukkan 15.30.

- toh

www.icelandexpress.is

**2000 FLUGSÆTI**
**Á 2.000 KR. AUK SKATTA**
Lægsta verð, aðra leiðina með sköttum:
**5.140 kr.**




# 2000 FLUGSÆTI

**SALA HEFST Á MORGUN KL. 09:00**
www.icelandexpress.is

Iceland Express býður nú **2000 flugsæti** aðra leið á sérstöku tilboðsverði. Tilboðið gildir fyrir flug á tímabilinu **11. janúar** til **1. apríl 2006**. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð. Smelltu þér á **www.icelandexpress.is** og tryggðu þér miða til London eða Köben! Sala hefst á morgun **kl. 09:00**. **Fyrstur bókar, fyrstur fær!**

**Bókaðu á www.icelandexpress.is!**

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm just a little anxious to get up there and whup E.T.'s ass."**

**Svar:**
Captain Steven Hiller úr kvikmyndinni Independence Day árið 1996.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL SJÁ ÓKLIPPTAN ÞÁTT UM NÆTURLÍF Í REYKJAVÍK

# *Ofurfyrirsætur, Bakkus og brjálaðar bardagasenur*

Yfirlýsingar bandaríska leikstjórans Quentins Tarantino um íslenskar konur vöktu blendin viðbrögð hjá þjóðinni. Hafa margir hins vegar bent á að ekki væri hægt að horfa framhjá þessum staðreyndum; íslenskar konur væru drykkfelldar líkt og íslenska þjóðin öll. Við kynnum okkur ekki hóf þegar kæmi að brennivínsneyslu. Tarantino hafði reyndar gefið forsmekkinn að því sem koma skyldi í viðtali við Egil Helgason og sagðist þar ætla að nefna Bakkus og „babe-in" við spjallþáttastjórnandann Conan O'Brian.

Fyrir nokkrum árum voru sýndir þættir á Popp tíví sem fjölluðu um heimsfræga sumarfrísstaði og báru nafnið Uncut. Var farið til Ibiza, Rhódos, Benidorm og Las Vegas svo nokkur dæmi séu tekin og brugðið upp svipmyndum frá lífi gesta og heimamanna á þessum stöðum. Eldrauðir Tjallar spókuðu sig um með þá von í hjarta að þeir kæmust í feitt og á vegi þeirra yrðu kófdrukknar stúlkar sem til væru í allt. Ekki ósvipuð upplifun Tarantinos af höfuðborg landsins.

Það er kannski komin tími til að við Íslendingar fáum þessa dagskrárgerðarmenn hingað til Reykjavíkur því svo virðist sem skemmtanalífið í 101 sé ekki síður efni í Uncut–þátt en sólarlandaparadísir suðursins. Þar yrði loksins varpað ljósi á það sem útlendingar upplifa þegar þá ber niður á þessum útkjálka í norðri. Hvernig spjara rauðnefjarnir sig innan um veðurbarna víkinga? Lenda þeir uppá kant við fazmo eða kallana.is? Eru íslenskar konur ginnkeyptar fyrir útlenskum hreim og dollurum? Reykjavík–Uncut myndi varpa ljósi á söguna sem nú er á sveimi og við þyrftum ekki lengur að velkjast í vafa um hvort Tarantino hefði verið að gera að gamni sínu eða að þarna hefði einfaldlega hinn heilagi sannleikur birst í öllu sínu veldi.



**AMANDA BYRAM** Stúlkan hefur kynnt þætti á borð við Paradise Hotel og The Swan. Hún væri tilvalin sem þula í þættina Reykjavík: Uncut.



▶ 22.25 *Spenna*

SPOOKS



▶ 21.30 *Spenna*

MISSING



▶ 20.30 *Lífstíll*

IDOL EXTRA 2005/2006



▶ 20.30 *Raunveruleiki*

ALLT Í DRASLI



▶ 22.10 *Íþróttir*

TIMELESS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (20:25) **18.25** Tommi togvagn (12:26)

**18.30 Gló magnaða (33:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Veronica Mars (15:22)**
**21.05 Flóttamenn** Heimildarmynd eftir Þorvarð Björgúlfsson um flóttamenn á Íslandi.
**21.25 Særingamenn** (Eksorcisterne)Danskur þáttur um menn sem reka illa anda úr fólki og húsum.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Njósnadeildin (2:10)** (Spooks)Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Sigrar lífsins **23.40** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Grey's Anatomy (7:9)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Life Begins **13.55** The Guardian **14.40** LAX **15.20** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Shin Chan **16.20** Töframaðurinn **16.45** He Man **17.05** Ginger segir frá **17.30** Töfrastígvélin **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (17:22)**
**20.00 Fear Factor (21:31)** (Mörk óttans 5)(Fear Factor 5 – Couples)
**20.45 Numbers (8:13)** (Tölur) Maður sem eftirlýstur er fyrir fjársvik finnst myrtur í íbúð sinni. Bönnuð börnum.
▶ **21.30 Over There (11:13)** (Á vígaslóð)(Orphans)Glænýir, umtalaðir bandarískir spennu- og dramaþættir sem gerast meðal bandarískra hermanna í yfirstandandi stríði í Írak. Bönnuð börnum.
**22.15 Crossing Jordan (19:21)** (Réttarlæknirinn)(Embraceable You)

**23.00** Inspector Lynley Mysteries (B. börnum) **23.45** Buffalo Soldiers (Str. b. börnum) **1.20** Three Seasons **3.05** Deadwood **4.00** Third Watch **4.45** Fear Factor **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 American Dad**
**19.30 American Dad**
**20.00 Friends 6 (4:24)**
▶ **20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol-stjörnuleitina. Viðtöl við keppendurna, fylgst með þeim á æfingum og allt það sem gerist bak við tjöldin færð þú að sjá hér á Sirkus. Umsjón með þættinum hefur hárgreiðslumaðurinn og tískulöggan Svavar Örn.
**21.00 Laguna Beach (4:17)** Önnur serían um krakkana á Laguna Beach.
**21.30 Fabulous Life of (9:20)**
**22.00 HEX (15:19)** Bönnuð börnum.
**22.45 Fashion Television (11:34)**

**23.10** Friends 6 (4:24) **23.35** The Newlyweds (27:30)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 9. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 The Grubbs (e)**
**20.00 Borgin mín** Í þáttaröðinni Borgin mín verða þjóðþekktir Íslendingar beðnir um að leiða áhorfendur í allan sannleika um borgina sína.
▶ **20.30 Allt í drasli – lokaþáttur** Að þessu sinni verður tekið til hendinni úti á landsbyggðinni og áhorfendur mega búast við að sitja agndofa fyrir framan skjáinn – því verra sem ástandið er, því betra!
**21.00 Innlit / útlit** Innlit/útlit er á dagskrá Skjás Eins sjöunda árið í röð. Í
**22.00 Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy.
**22.50 Sex and the City – 3. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** The Handler (e) **0.50** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Bestu bikarmörkin** (Legends, part 1)Glæsilegustu mörkin og eftirminnalegustu tilþrifin úr ensku bikarkeppninni.
**19.30 Enski deildabikarinn** (League Cup 2005-2006)
**21.40 Ensku bikarmörkin 2006**
▶ **22.10 Timeless** (Íþróttahetjur)Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu.
**22.40 Enski deildabikarinn** (League Cup 2005-2006)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** White Oleander (Bönnuð börnum) **8.00** Valerie Flake **10.00** Loch Ness **12.00** My House in Umbria **14.00** Valerie Flake **16.00** Loch Ness **18.00** My House in Umbria **20.00** **White Oleander** (Hvíta lárviðarrósin) Bönnuð börnum. **22.00 People I Know** (Kunningjar) Bönnuð börnum. **0.00** Rules of Attraction (Str. b. börnum) **2.00** Almost a Woman **4.00** People I Know (B. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** What Hollywood Taught Us About Sex **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **20.00** The 2006 Critics Choice Awards **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**20.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
**21.00 W.B.A. – Aston Villa frá 02.01** Leikur

**23.00** Fulham – Sunderland frá 02.01 **1.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Arsenal-Wigan Athletics SÝN kl. 19.30

### *Stórliðið sækir heim spútnikliðið*



*Fredrik Ljungberg fagnar einu af mörkum sínum.*

Stórliðin Arsenal og Manchester United verða í eldlínunni þegar undanúrslit í ensku deildarbikarkeppninni fara fram í dag og á morgun. Báðir leikirnir verða sýndir beint á Sýn. Í fyrri viðureigninni í kvöld sækir Arsenal heim spútnikliðið Wigan Athletics og á morgun heimsækir Manchester United Blackburn Rovers. Það er óhætt að segja að Arsenal og Wigan hafi átt misjöfnu gengi að fagna á þessu leiktímabili. Á meðan Wigan hefur komið mest allra liða á óvart með vasklegri framgöngu á sínu fyrsta tímabili í úrvalsdeildinni þá hefur hinu sigursæla liði Arsenal sjaldnar gengið verr síðan úrvalsdeildin var stofnuð fyrir um hálfum öðrum áratug. Fram til þessa hefur framkvæmdastjóri Arsenal, Arsene Wenger, leyft sér að tefla fram vara- og unglingaliðsleikmönnum í deildarbikarnum, en nú þegar meistaratitillinn er úr augsýn hefur Wenger gefið í skyn að hann ætli sér að nota sterkari leikmenn en hann er vanur að gera í þessari keppni. Geta má sér þess til að hann ætli nú að leggja allt í sölurnar til að landa deildarbikartitlinum í ár.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tekst, ef tveir vilja **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Brautryðjandi íslenskrar menningar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **07.00**
*Fréttir*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegiðfréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Story of 1, The** (Sagan af tölunni 1) Stórmerkileg og bráðskemmtileg heimildarmynd með gamansömum undirtón, enda er umsjónarmaður hennar sjálfur Terry Jones, einn af máttarstólpunum í Monty Python-genginu margrómaða.
**21.10** **Fréttir**
**21.20** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.05** **Fréttir**
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjón Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Ski Jumping: World Cup Innsbruck **13.00** Ski Jumping: World Cup Bischofshofen **14.00** Tennis: WTA Tournament Sydney Australia **15.15** Tennis: WTA Tournament Sydney Australia **16.30** Football: Football World Cup Season Magazine **17.00** Football: Football World Cup Season Legends **18.00** Darts: World Championship Lakeside United Kingdom **20.00** Boxing: European Union Title France **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Darts: World Championship Lakeside United Kingdom **23.00** Football: Eurogoals **23.30** All sports: WATTS **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

**BBC PRIME**

**12.00** Porridge **12.30** Butterflies **13.00** Monarch of the Glen **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Jeopardy **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Top Gear Xtra **20.00** Trouble At the Top **20.40** Days that Shook the World **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Human Instinct **22.50** Holby City **23.50** Table 12 **0.00** Arthur Miller **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Hunter Hunted **14.00** Megastructures **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Storm Stories **18.30** Storm Stories **19.00** Attacks of the Mystery Shark **20.00** Megastructures **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Seconds from Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** The Life of Birds **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Weird Nature **19.30** Big Cat Diary **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Weird Nature **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** The Snake Buster

**CLUB**

**12.20** Innertainment **12.45** Matchmaker **13.10** Fashion House **13.35** Lofty Ideas **14.00** It's a Girl Thing **14.30** Fantasy Open House **15.00** Crimes of Fashion **15.30** Crime Stories **16.30** Design Challenge **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Paradise Seekers **18.15** Fantasy Open House **18.40** E-Love **19.05** Girls Behaving Badly **19.30** Single Girls **20.25** Cheaters **21.15** Sextacy **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Women Talk **23.00** My Messy Bedroom **23.30** Staying in Style **0.00** Power Food **0.30** The Villa **1.25** Crimes of Fashion **1.50** Insights **2.15** Treasure Makers






## HRÓSIÐ

*...fær pólverjinn Stanislaw Bartoszeck fyrir að búa til pólsk-íslenska orðabók en hann hefur búið á Íslandi í 18 ár.*

**FJÓRIR SPURÐIR:** TÓNLEIKARNIR ERTU AÐ VERÐA NÁTTÚRULAUS VORU HALDNIR Í LAUGARDALSHÖLL

# *Hvernig fannst þér tónleikarnir?*

**Komið að tímamótum**

Jú, þetta var bara stórkostleg upplifun og það var meiriháttar gaman að sjá hvað þarna mætti mikið af ungu fólki. Það var líka einhver stemning sem myndaðist sem erfitt er að lýsa og bara hægt að upplifa. Ég held að nú sé komið að þeim tímamótum þar sem menn fari að endurskoða afstöðu sína til þessara hluta allra saman.



Jón Ársæll Þórðarson sjónvarps-maður.

**Allir stóðu sig vel**

Mér fannst þeir þrælgóðir og betri en ég hafði þorað að vona. Þeir tónlistarmenn sem mér þóttu standa upp úr voru til dæmis Björk, KK, Damien Rice og Mugison þegar hann var einn. Annars stóðu allir sig býsna vel, ég hefði þó viljað sjá meira af Sigurrós.



Jónatan Garðarsson sjónvarpsmaður.

**Góð skilaboð og heimilisleg stemning**

Mér fannst þeir alveg æðislegir, það myndaðist svo heimilisleg og góð stemning. Þetta var bara eins og í stofunni heima hjá ömmu. Það var svo mikið af fólki en samt svo rólegur fílingur og fólk virtist líka alveg sjúga inn þessi góðu skilaboð um að vernda náttúruna. Það sem stóð upp úr að mínu mati voru til dæmis hljómsveitirnar Rass, Ghostigital og Ham.



Ágústa Eva Erlendsdóttir leikkona.

**Sáttur með útkomuna**

Mér fannst þeir heppnast fullkomlega. Ég þakka það landsliði tónlistarmanna, landsliði tæknimanna og góðum áhorfendum. Ég horfði á stóran hluta tónleikanna, bæði úti í sal og á vængnum og var bara stórkostlega sáttur með útkomuna.



Grímur Atlason tónleikahaldari.



**LÁRÉTT**
**2** hæfileiki **6** kringum **8** meðal **9** horfa á **11** tveir eins **12** kalkkennt híbýli sjávardýra **14** vörubyrgðir **16** 2 eins 17 örn **18** for **20** klaki **21** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1** ryk **3** málmur **4** drykkjuskapur **5** kraftur **7** drykkjar **10** geislahjúpur **13** temja **15** krot **16** kóf **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** gáfa, **6** um, **8** lyf, **9** sjá, **11** ll, **12** kóral, **14** lager, **16** kk, **17** ari, **18** aur, **20** ís, **21** fróa.
**LÓÐRÉTT: 1** kusk, **3** ál, **4** fylleri, **5** afl, **7** mjólkur, **10** ára, **13** aga, **15** riss, **16** kaf, **19** ró.






GUNNAR BJÖRN : SEINHEPPNI HUNDAEIGANDINN LEIKSTÝRIR MYND

# Glórulaus Astrópía í nördaumhverfi

Gunnnar Björn Guðmundsson mun leikstýra nýrri íslenskri kvikmynd, Astrópía, sem fer í tökur í sumar og verður væntanlega ein af jólamyndum þessa árs. Áætlaður kostnaður við myndina er í kringum hundrað milljónir en hún er samstarfsverkefni íslenskra og finnskra aðila. Þar með bætist enn í hóp íslenskra kvikmynda sem frumsýndar verða á þessu ári en lengi vel leit út fyrir að sú flóra yrði ekkert sérstaklega blómleg.

Astrópía er gerð eftir handriti Ottós Geirs Borg og Jóhanns Ævars Grímssonar en það þykir með eindæmum snjallt. „Við erum búnir að vera að vinna í henni síðustu þrjú ár og erum því vel undirbúnir,“ sagði Gunnar Björn þegar Fréttablaðið náði tali af honum þar sem hann var staddur í Mosfellsbæ ásamt handritshöfundunum. Astrópía segir frá glansgellu sem verður fyrir því óláni að kærastinn hennar er handtekinn fyrir smábrask og hún neyðist til að standa á eigin fótum. „Hún fær sér vinnu í nördabúð til að drýgja tekjurnar,“ útskýrir Gunnar, og segir myndina vera samblöndu af Clueless og Hringadróttinssögu, hvernig svo sem sú útkoma kann að vera.

Gunnar Björn hefur verið nokkuð lengi í þessum bransa, gert sjónvarpsauglýsingar auk þess að leikstýra þó nokkuð mikið í leikhúsi. Hann leikstýrði meðal annars Karamellumyndinni en Astrópía verður líklega eitthvað í líkingu við þá mynd. „Hún verður í þá áttina en samt ekki svona mikil teiknimynd,“ áréttar Gunnar sem hefur vakið athygli í hlutverki hins seinheppna hundaeiganda í auglýsingum fyrir TM.

Astrópía verður fyrsta kvikmynd leikstjórans í fullri lengd en hann er þó hvergi banginn. „Ég hef verið í þessu síðan 1990 og haft þetta að aðalstarfi síðustu tíu ár. Ég gæti bara ekki verið tilbúnari.“ Gunnar stundar nú nám í Listaháskóla Íslands við leiklistabrautina. „Ég tek mér ársfrí frá námi vegna þessa,“ segir hann. Engir leikarar hafa verið ráðnir í hlutverk í myndinni en Gunnar segir að það ætti að skýrast á næstu misserum. „Hún verður stjörnum prýdd,“ segir hann og hlær.



**GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON** Leikstýrir nýrri íslenskri kvikmynd sem verður sambland af Hringadróttinssögu og Clueless í ætt við Karamellumyndina FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngfuglinn bláeygi, **Geir Ólafsson**, sem hefur markaðssett sig sem hinn íslenska Frank Sinatra hefur lengi dreymt um að fá tækifæri til að keppa fyrir íslands hönd í Eurovision-söngvakeppninni. Geir er vanur að ganga beint til verks og fór einhverju sinni á fund Markúsar Arnar Antonssonar, þáverandi útvarpsstjóra, og bað hann um að senda sig sem fulltrúa landsins í Eurovision. Það gekk ekki eftir þó að Geir hafi mætt með lag, sem hann taldi líklegt til árangurs, í farteskinu. Geir er nú loksins að fá tækifæri til þess að spreyta sig fyrir alvöru þar sem hann er einn þeirra sem mun taka þátt í forkeppninni hér heima og etja þar meðal annars kappi við sjálfa **Silvíu Nótt** og Eurovisionhaukinn **Þorvald Bjarna**. Geir hefur dustað rykið af laginu sem náði ekki eyrum Markúsar Arnar á sínum tíma og ef kappinn er sjálfum sér líkur má bóka að lagið mun fara hamförum í forkeppninni enda ætlar hann sér ekkert nema sigur.



Á heimasíðu Popplands er að finna skemmtilega frétt af þotuliðinu í Hættu-hópnum en hann stóð sem kunnugt er fyrir tónleikunum „Ertu að verða náttúrulaus“ í Laugardagshöll síðastliðið laugardagskvöld. Um fimm þúsund manns mættu til að hlýða á margar af helstu stjörnum íslensks tónlistarlífs en gera má ráð fyrir að færri hafi komist að á Ölveri þangað sem hersingin hélt að tónleikum loknum samkvæmt Popplands-vefnum. Þar tóku **Björk** og **Jónsi** úr **Sigur Rós** sig til og sungu fyrir viðstadda í kareoke. Á heimasíðu Ölvers má finna lista yfir þau lög sem hægt er að taka og viti menn, gestir geta reynt fyrir sér í laginu It's All so Quiet sem Björk gerði frægt á sínum tíma en ekki er þó vitað hvort söngdívan hafi tekið það lag. **-fgg**






# Prófaður fyrir næstu Bond-mynd

Björn Hlynur Haraldsson verður meðal 20 annarra ungra evrópskra leikara sem kynntir verða á 56. kvikmyndahátíðinni í Berlín undir heitinu „European Shooting Stars“ sem útleggja mætti sem „Vonarstjörnur Evrópu á hvíta tjaldinu“. Kemur þetta í kjölfarið á velgengni kvikmyndarinnar Strákarnir okkar en þar leikur Björn Hlynur einmitt aðalhlutverkið. Meðal þeirra sem eru í hópnum með Birni er hin danska Beate Bille sem lék í kvikmyndinni Drabet, en hún var sýnd við miklar vinsældir á Októberbíófest nú á haustdögum. Er þetta í níunda skiptið sem ungum vonarstjörnum er gefinn kostur á að kynna sig á þennan hátt.

Björn Hlynur var ekki alveg sjálfur viss um út í hvað hann var að fara. „Mér líst auðvitað vel á þetta,“ sagði leikarinn. „Mér skilst að þetta séu kokteilboð og maður eigi að brosa og vera hress,“ bætir hann við í gríni, en leikararnir verða kynntir fyrir framleiðendum og reynt verður að koma þeim enn frekar á framfæri í hinum stóra kvikmyndaheimi. Reyndar gæti ferðalag Björns Hlyns til Þýskalands verið erfiðleikum bundið því hann á að vera sviði Þjóðleikhússins þessa sömu helgi að frumsýna leikritið Pétur Gaut. „Við verðum að finna eitthvað út úr þessu,“ sagði hann rólegur og hafði ekki miklar áhyggjur af þessum væntanlega árekstri.

Svo skemmtilega vill til að nýjasti Bond-leikarinn, Daniel Craig, var eitt sinn í þessum hópi. Björn Hlynur er ekki alveg ókunnugur þeirri frægu söguhetju því hann hefur verið prófaður fyrir nýjustu myndina, Casino Royale. „Mér skilst að ég sé enn inni í myndinni en annars breytist handritið í þessum myndum víst viku frá viku,“ segir leikarinn, en Björn Hlynur kynni að leika óþokka í myndinni. „Það skyldi þó aldrei vera að maður yrði drepinn af sjálfum James Bond.“



**BJÖRN HLYNUR** Hefur vakið athygli fyrir frammistöðu sína í Strákunum okkar og er einn af vonarstjörnum Evrópu á hvíta tjaldinu.

RÝMUM FYRIR NÝJUM GERÐUM!

# BAÐ INNRÉTTINGAR

**50-60% afsláttur**
af völdum innréttingum

Handlaugar, blöndunartæki og vatnslásar fylgja öllum innréttingum


60% afsláttur
NIMES


60% afsláttur
DIMK


50% afsláttur
DORLI


60% afsláttur
ORSK


60% afsláttur
MADRID


50% afsláttur
SX-005


60% afsláttur
VALENCIA

www.i-t.is

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 10-15**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**
KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## *Náttúruleysi og plebbismi*

Í Plebbalandi viðgengst að múta forstjórum stórfyrirtækja með gulli svo að þeir hætti störfum og steinþegi. Þaðan fara flugfarmar fínisvína í áramótaboð erlendis og taka hárgreiðslumeistarana með sér líkt og á tímum Loðvíks fjórtánda. Þar er kastað brauðmylsnum í barnakennara svo þeir tóri naumlega og fari ekki á vergang. Í því landi eru ráðnir aðþrengdir farandverkamenn frá fjarlægum ströndum, laumað að þeim vasapeningum og þeir látnir þræla um nætur. Þar þykir sjálfsagt að dekra við gamla drauma skyndipólitíkusa og reisa stíflur að hætti Stalíns og stjórnvalda í Norður-Kóreu. Græðgi og háttleysi einkennir nýríka og skilur pleppa frá prúðmennum.

**NÁTTÚRAN** sjálf er til sölu í Plebbalandi. Þar gægjast menn í brók sína og brosa glaðir yfir náttúruleysinu og smáaurunum sem fyrir það fæst. Sauðsvartir þramma áfram veginn í hjólfarinu djúpa og voga sér ekki að klifra upp og líta í kringum sig af ótta við óbærilegt útsýni. Þó er líkt og lestin sé að hægja á sér. Hópurinn stækkar ört sem prílar upp úr hjólfarinu og litast um. Sífellt færri sætta sig við það sem við blasir.

**ÞJÓRSÁRVER** eru næst á listanum yfir fórnir á stóriðjualtarinu. Útsalan er í fullum gangi. Iðnaðarráðherra segir nú virkjanastefnuna afleiðingu víðtækrar náttúruverndar. Hugsunin er sem sé hnattræn og dregur stórlega úr kolabrennslu í fjarlægum löndum um ókomna tíð. Það er skondin latína að stækkandi fjóshaugur á kotbýli inni í afdal minnki tröllvaxna hauga á höfuðbólum úti í heimi.

**HNATTRÆNT** þenkjandi smáþjóð gæti vakið risa með því að vera fylgin sér og leiðandi í umhverfisvernd á alþjóðavettvangi. Því hvað þarf stóra þjóð til að segja satt? eins og skáldið spurði. Slík örþjóð gæti sýnt það fordæmi að standa vörð um náttúruperlur fyrir kynslóðirnar. Hún gæti æft þann raddstyrk og átt erindi. Það væri þó góð tilfinning. Ráðamenn vakna nú margir hverjir og átta sig á því að stjórnmál veraldarsögunnar hafa einatt snúist um tilfinningar. Mannlegt samfélag stjórnast af tilfinningum. Lagasetningar eru til komnar vegna tilfinninga fyrir hinu og þessu. Málin vandast fyrst þegar yfir hellist tilfinningadeyfð og tilfinningaleysi.


